

Lofgjörð



1 Á helgum stað

Á helgum stað,
núna ég stend.
Inn fyrir fortjaldið,
nær heilög lofgjörð mín.
Þar sé ég auglit þitt,
svo fagurt og undurblítt.
Ég elska þig ó Guð,
á helgum stað.

2 Á meðan hjartað slær

Á meðan hjartað slær, vil ég lofa þig.
Ég vill heiðra þig, á meðan ég li - fi.
Hvert sem liggur leið, vil ég fylgja þér.
Á meðan hjartað slær, vil ég lofa þig.

3 Á stundu sem nú

Á stundu sem nú, ég syngja vil söng,
ég syngja vil lofsöng til Je – sú.
Á stundu sem nú, ég lyfta vil hönd,
ég lyfti upp hönd til þín Guð.
Syngjum: Ég elska þig.
Syngjum: Ég elska þig.
Syngjum: Ég elska þig Guð,
ég els-ka þig.
Syngjum: Ég lofa þig.
Syngjum: Ég þarfnast þín.

4 Adonai

Lord of eternity ,
mystery behind the veil.
Lord over Heaven and earth,
God of Israel.

Come with Your wisdom and power ,
clothed in Your honor and strength.
Lord hear the cry of our hearts,
Come o conquering King .
And every eye will see,
your glory fill the sky.

Adonai, Adonai.
Every knee will bow to You Lord Most High,
Adonai, Adonai.
You alone are God every tongue will cry,
Adonai.

Now Jerusalem waits,
praises lifted on high.
Here the beautiful gates,
long to see You arise,
when all of Zion sings.
Baruch ha ba b' shem.

You are Lord over all the earth,
you are Lord over all the earth.

5 Aðeins Jesús

Aðeins Jesús, verðugur þess er,
að fá alla lofgjörð og dýrð.
Aðeins Jesús, verðugur þess er,
því hann er lifandi Guð.

Já, ég lofa hann, ég lofa hann,
og blessa hans heilaga nafn.

Já, ég lofa hann, ég lofa hann,
því hann er lifandi Guð.

6 Aðeins þú Drottinn

Aðeins þú Drottinn,
færð uppfyllt mínar dýpstu hjartans þrár.
Ekkert, minn Faðir,
fær hindrað mig frá því að nálgast þig.

Aðeins þú færð mætt því sem ég þrái.
Aðeins þú færð gefið mér nýtt líf.
Aðeins þú færð fyllt mitt hjarta hlátri.
Aðeins þú færð svarað minni bæn.

Faðir, ég ann þér
kom uppfyll mínar dýpstu hjartans þrár.
Fyll mig, umvef mig
uns kærleikur þinn fyllir hjarta mitt.

Aðeins þú færð mætt því sem ég þrái.
Aðeins þú færð gefið mér nýtt líf.
Aðeins þú færð fyllt mitt hjarta hlátri.
Aðeins þú færð svarað minni bæn.

7 Að krossinum

Að krossinum vil ég koma Kristur,
og játa þér afbrot mín.
Af þyngslum þeim er ég orðinn
þyrstur,
ó, Drottinn ég þarfnast þín.

Ég iðrast og ég þrái að,
þú endurnýir mig.
Og líf mitt verði aftur það,
sem vitnað geti um þig.

Ó, mig þyrstir eftir þér,
því að beinin tærast í mér.
Kom og lækna sérhvert sár,
ó, Drottinn þerra öll mín tár.

8 All because of Jesus

∴ All because of Jesus, ∴
we are here.

Because of His blessings,
all His bountiful blessings,
we are here.

Since I am here, I'm gonna praise His
name.

Since you are here,
I think that you should do the same.
Since we are here,
together lets praise His name.
Because of Jesus, we are here.

9 Allt ég yfirgef

Allt ég fús vil yfirgefa,
óðar kveð ég heimsins þrjal.
Ég vil glaður Jesú fylgja,
Jesús blessar mína sál.

Allt ég yfirgef, allt ég yfirgef.
Ég vil glaður Jesú fylgja. Allt ég yfirgef.

Hjarta mitt sem fórn ég færi,
frelsaranum hér og nú.
Heilags anda eldur glæðir,
allt mitt sálarlíf og trú.

Ég með krossinn hans á herðum,
heldur vildi þola smán.
En að höndla heimsins gæði,
hverfuleikans fánýtt lán.

Ég hef náð og frelsi fundið,
fyrir blóði Lausnarans.

Eilíflega önd mín lofar,
elskuverða nafnið hans.

10 Allt megnar þú

Allt megnar þú, allt skilur þú,
Jesús, minn Drottinn og Guð.
Allt sem ég þarfnast, geri og kann,
Jesús er Drottinn og Guð.

11 Andinn sameinar

Andinn sameinar okkur,
eining Guð okkur gaf.
Andinn sameinar okkur,
eining Guð okkur gaf.
Öll við biðjum að
eining beiðist yfir land og haf.
Okkur vitni skal bera,
elska Guðs, elska Guðs.
Okkur vitni skal bera, elska Guðs

Saman höldum við áfram,
hönd í hönd fram á slóð.
Saman höldum við áfram,
hönd í hönd fram á slóð.
Saman flytjum þá frétt,
að' Guð vill frelsa þessa þjóð.
Okkur vitni skal bera,
elska Guðs, elska Guðs.
Okkur vitni skal bera elska Guðs.

Áfram störfum við saman,
stöndum þétt öðrum hjá.
Áfram störfum við saman,
stöndum þétt öðrum hjá.

Stöndum vörð um
reish og virðing víki engum frá.
Okkur vitni skal bera,
elska Guðs, elska Guðs.
Okkur vitni skal bera elska Guðs.

12 Barn þitt vil ég vera

Barn þitt vil ég vera
víkja þér ei frá.
Blítt þér vil ég bera
það besta sem ég á.
Elsku mína alla
innst úr hjarta mér,
andinn hrópar upp til þín:
Abba faðir!
Greitt það aldrei get ég,
sem gafstu fyrir mig,
allt þitt líf og ást og trú.
Ég elska þig.

13 B – I – B – L – Í – A

B – I – B – L – Í – A , er bókin bókanna,
á orði Drottins er allt mitt traust,
B – I – B – L – Í – A , Biblía.

14 Biðjið Jerúsalem friðar

Biðjið Jerúsalem friðar,
biðjið Jerúsalem friðar,
biðjið Jerúsalem friðar,
friður sé yfir Ísra-el. (2x)

Shalom, shal-om, shal-om,
shal-om, shal-om, shal-om.
Friður sé yfir Ísra-el.

15 Blessun og heiður

Blessun og heiður,
gleði og þakkir
þannig við lofum hvern dag.
Í öllum löndum,
lyftum við höndum.
Lofum hvern einasta dag

Heiður sé á himni og jörð - já heiður
honum.
Honum sem að trúr stendur vörð -
hann tignum.
Þú einn ert hinn eilífi Guð
og þín dýrð stendur stöðug og trygg.
Hvern einasta dag.

Dýrð þín ó, Guð er svo dásamleg.
Dro-tinn, hvern einasta dag.
Ó eilífi Guð, hve þig elska ég, all-taf
hvern einasta dag.

16 Blessed be the name

∴ Blessed be the name
of the Lord ∴
Blessed be the name of the Lord,
most high.

∴ The name of the Lord is,
a strong tower.
The righteous run into it,
and they are safe∴

Jesus is the name of the Lord...

17 Blíðlega laðandi

Blíðlega, laðandi Kristur nú kallar,
kallar á mig og á þig.
Hjartna við dyrnar, hann bíður og biður,
biður um þig og um mig.
Kom heim! Kom he-eim!
Þú, sem ert þreyttur, kom he-eim!
Blíðlega, laðandi Kristur nú kallar.
Kallar: Ó, vinur, kom heim!
Óðfluga dagar og lífsstundir líða,
líða frá mér og frá þér.
Húmið á sígur og kvöldstundin kemur,
kemur að þér og að mér.
Því þá að hika, er brennheitt hann biður,
biður um mig og um þig?
Hví þá að hika? Hann okkur vill annast,
annast um þig og um mig.
Sjá, hvílík dásamleg ástúð og elska,
elska til mín og til þín.
Sekir þótt séum, í miskunn hann mænir,
mænir til þín og til mín.

18 Blóð Jesú Krists

Blóð Jesú Krists tók mína synd,
ég er ný sköpun í Kristi.
Hið gamla er horfið burt,
sjá allt er orðið nýtt.
Ég á mér sáttmála með Jesú.

Sáttmálabörnin,
sáttmálabörnin, börnin,
sáttmálabörnin.

Gerðu sáttmála við Jesú,
fá blessun Abra-hams.

19 Bæn sendu beðna

Bæn sendu beðna að morgni,
bið þú til Guðs hvern dag.
Blítt skaltu biðja að kveldi,
bljúgur við sólarlag.

Lát þú hann ætíð þér lýsa,
lofa þú nafnið hans.
Blíður sem barnið að kveldi,
bið þú til lausnarans.

Guð veitir gjafir í dögum,
Guð heyrir bæn um nó-ó-ón.
Hann sem er herra og fa-ðir,
hlustar á hverja bón

20 Come, now is the time

Come, now is the time to wor – ship,
come, now is the time give your heart.
Come, just as you are to wor – ship,
come, just as you are be-fore your God,
– come.

One day every tongue will confess You
are God,
one day every knee will bow.
Still the greatest treasure remains for
those,
who gladly choose You now.

21 Daginn í dag

Daginn í dag, daginn í dag,
:/:gjörði Drottinn Guð.:/:
Gleðjast ég vil, gleðjast ég vil,
:/: og fagna þennan dag :/:
Daginn í dag gjörði Drottinn Guð,
gleðjast ég vil og fagna þennan dag.
Daginn í dag, daginn í dag,
gjörði Drottinn Guð.

22 Dagar Elía

Nú eru dagar Elía,
við játum að Guðsorð er satt.

Nú eru tímar þjóns þíns Móse
við réttlæti skryðumst á ný.

Þótt örðug reyndar sé tíðin,
hungur og myrkur og stríð.

Nú hrópar í óbyggð rödd á ný:
„Ryðjum Guði vorum veg.“

Sjá, Hann kemur, skýjunum á
í mætti og dýrð, við lúðursins kall.
Brýnum nú raust, það er fagnaðarár,
frá Zíons fjöllum hjálpræði okkur berst.

Nú eru tímar Esekíels:
Bein eru holdi nú klædd.

Og nú eru tímar þjóns þíns Davíðs,
endurreist lofgjörðarhús.

Nú eru uppskeru-tímar,
enn hvítir akrar um lönd.

Sem verkamenn Herrans víngarði í,
við játum að Guðsorð er satt.

Sjá, Hann kemur, skýjunum á
í mætti og dýrð, við lúðursins kall.
Brýnum nú raust, það er fagnaðarár,
frá Zíons fjöllum hjálpræði okkur berst.

Ei er neinn guð líkur Jehóva! (13x)

Sjá, Hann kemur, skýjunum á
í mætti og dýrð, við lúðursins kall.
Brýnum nú raust, það er fagnaðarár,
frá Zíons fjöllum hjálpræði okkur berst.
(4x)

Brýnum nú raust, það er fagnaðarár,
frá Zíons fjöllum hjálpræði okkur berst.

23 Djúp og breið

Djúp og breið, djúp og breið,
það er á sem rennur djúp og breið.
Djúp og breið, djúp og breið,
það er á sem rennur djúp og breið.
Og hún rennur til þín og hún rennur til
mín,
og hún heitir lífsins lind.
Hallelúja.

Djúp og breið, djúp og breið,
það er á sem rennur djúp og breið.

24 Drag mig nær þér Guð

Drag mig nær þér Guð,
Ætíð geymdu mig.
Ég gef þér allt sem kært mér er,

Því vinur vil ég vera þér.
Yndi mitt þú ert þú ert
þú ert Drottinn minn.
þú einn ert Jesús upprisinn,
Og dýrð þína og ást ég finn.
Vísu mér þinn veg,
Drag mig nær þér Guð
þú ert mér allt,
Allt sem mitt hjarta þráir
þú ert mér allt,
ó, vertu nærri mér.

25 Drottinn blessi þig

Drottinn blessi þig, (2x)
og varðveiti. (2x)
Drottinn láti sína ásjónu lýsa yfir þig.
Drottinn upplyfti sínu augliti yfir þig.
Og gefi þér, (2x)
sinn frið. (2x)
Drottinn sé þér náðugur.

26 Drottinn er minn hirðir

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.
Á grænum grundum lætur hann mig
hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má
næðis njóta.

Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns, jafnvel þótt
ég fari um dimman dal, óttast ég
ekki illt, því þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur hugga mig,

þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum.

Þú smyrð höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur.

Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert breyta.

27 Drottinn Guð

Drottinn Guð ég hugsa stundum,
hvernig gat ég lifað án þín.
Án þíns mikla kærleika,
án föðurhjarta þíns.
En núna er ég barn þitt,
ég er hluti af þinni fjölskyldu,
og ég verð aldrei einmana,
því Drottinn þú ert hér við hlið mér.
Ég vil, syngja lofsöng,
ég vil, syngja lofsöng,
ég vil, syngja lofsöng að eilífu.
Já, ég vil, syngja lofsöng,
ég vil, syngja lofsöng,
ég vil, syngja lofsöng, að eilífu.

28 Drottinn mun sjálfur fara

Drottinn mun sjálfur fara fyrir þér,
hann mun vera með þér.
Drottinn mun sjálfur fara fyrir þér,
hann mun eigi sleppa þér,
né yfirgefa þig.
Óttast eigi, óttast eigi,

láttu eigi hugfallast.

Drottinn mun sjálfur fara fyrir þér.

29 Dýrðin er þín

∴:Dýrðin er þín, þú hinn hæsti.
Dýrðin er þín, þú hinn hæsti.
Krýndur þú ert, konungstign.∴:
Hátt upp hafinn, ofar himnum,
æðri öllum, Guð þú ert.
Allir englar og öll þín sköpun,
vitna um þín máttarverk.
∴:Dýrðin er þín, dýrðin er þín,
dýrðin er þín, dýrðin er þín.∴:

30 Ef ég í dag

(Kvöldbænin)

Ef ég, í dag hef einhvern sært með synd,
ef ég hef varpað skugga' Jesú mynd.
Ef ég hef aðra tælt frá lífsins lind,
fyrirgef mér Guð.

Ef orð mín hafa verið ill og ströng,
ef athöfn mín var köld og breytnin röng,
Ef hugsun mín var hyggjusnauð og þröng,
fyrirgef mér Guð.

Ef líf mitt hefur verið ljósi sneytt,
ef lamað hefi ég aðra og deytt,
ef ég í einhverju hef illa breytt,
fyrirgef mér Guð.

31 Ef einhvern tíma

1. Ef einhvern tíma læðist í huga þinn,
að lífið hafi engan tilgang.

Þá skaltu hugsa til mín.

Seinna munt þú sjá að svo er ei,
og þú munt finna hamingjuna.

Þá skal ég hugsa til þín.

Viðlag:

Því lífið hefur kennt mér að,

lifa bara fyrir það,

sem flestir telja orðin ein.

Leita hærra finna svar.

Losa um allar spurningar.

Þar leynist sann – leikurinn.

2. Enginn getur án hans lifað.

Án hans getur enginn starfað.

Slíkur er sannleikurinn.

Því segi ég vinur leita þú hans,

og þú munt finna hamingjuna.

Þannig er sannleikurinn.

3. Nú læðist ekki lengur í huga minn,

að lífið hafi engan tilgang.

Fundinn er sannleikurinn.

Ég hef lært að svo er ei,

og ég hef fundið hamingjuna.

Jesús er sannleikurinn.

32 Ég elska þig Drottinn

Ég elska þig Drottinn,

þú ert styrkur minn.

Drottinn þú ert bjarg og vígi mitt.

Athvarf mitt þú ert,

Guð minn hellubjargið mitt.

Hjá þér leita' ég hælís háborg mín.

Vegur Drottins er lýtalaus og skýr,

skjöldur er hann öllum þeim sem leita
hans.

Því að hver er Guð nema Drottinn
Ísraels,

hver er hellubjarg vort nema Guð?

33 Ég elska þig

Ég elska þig og ég tigna þig.

Ó, Drottinn Guð, sál mín gleðst í þér.

Megi söngur minn, gleðja hjarta þitt,

syngja vil ég lof-gjörðar-söng fyrir þig.

34 Ég er nýr maður

Ég er nýr maður,

í Guði sköpun ný,

í anda er ég glaður,

ég baki í heiminn sný.

Nú geng ég Guðs á vegi,

hann gaf mér sigurkrans,

ég er nýr maður,

já ég er sköpun hans.

Endurfæddur er ég í þér Drottinn minn,

endurfæddur fyrir náð ég stóð.

Endurfæddur er ég fyrir anda þinn,

hallelúja.

Endurfæddur fyrir Jesú blóð.

35 Ég er þinn Guð

Ég er þinn Guð sem leiðir þig
ég er þinn Guð sem styrkir þig,
ég er þinn Guð sem lækna þig, ér er.

Ég er þinn Guð sem huggar þig,
ég er þinn Guð sem berst fyrir þig.
ég er þinn Guð sem elskar þig, ég er.

Elsku Faðir, elsku Faðir,
frelsið gafstu mér, ég treysti þér.
Hallelúja, hallelúja, hallelúja. Amen.

36 Ég finn helgan þyt

Ég finn helgan þyt,
koma yfir þennan stað,
ég sé elsku Jesú Krists,
ljóma úr augum hvers og eins.
Andi Drottins vinnur verk,
á sinn einstaka veg,
ljúkum upp og látum fyllast
hér nú.

37 Ég flýg í burt

Einhvern dag líf mitt burtu fer,
Ég flýg í burt,
Í mitt pláss sem uppi á himnum er,
Ég flýg í burt,

Viðlag:

Ég flýg í burt í friði,
Ég flýg í burt,
Þar ég hvílist eftir langa bið,
Ég flýg í burt,

Þegar skuggi lífs míns hverfur mér,
Ég flýg í burt,
Eins og fugl sem yfir hindrun fer,
Ég flýg í burt,

Þegar kallið kemur verð ég til,
Ég flýg í burt,
Upp í himnahöll því það ég vil,
Ég flýg í burt,

Viðlag: (x2)

38 Ég fyllist gleði

Ég fyllist gleði Drottinn Guð
er ég huga um,
:/: þú fyrirgefur mér.:/:

Jesús minn þú gafst þitt líf á krossinum,
:/: þú fyrirgefur mér.:/:

Kór: Hallelúja, hjarta mitt það lofar þig,
ég lyfti höndum upp og dansa um,
og blessa nafnið þitt.
Því þú hefur, fyrirgefið, fyrirgefið mér.
Já, þú hefur, fyrirgefið, fyrirgefið mér.

Að lifa' í návist þinni, Guð, er lífið sjálft,
:/: þú fyrirgefur mér.:/:
Það gamla' er horfið, allt er nýtt,
fyrir þína náð,
þú fyrirgefur mér, þú fyrirgefur mér.

39 Ég fæ að hvílast

Ég fæ að hvílast
á grænum grundum,
mig mun ei skorta hjá þér.
Þá er mig hungrar
þú Drottinn fyllir hjarta mitt.

Þér vil ég þakka,
þig vil ég elska,
þig vil ég lofa og tigna.
Þú ert minn hirðir,
þú ert minn Jesús,
þú ert minn Guð.

40 Ég gef þér hjarta mitt

::Ég gef þér hjarta mitt ó, Guð,
ég gef þér allt sem í mér er.
Sérhverja hugsun, hverja þrá, gef ég
þér...:

Allt annað legg ég til hli-iðar,
ef ég aðeins fæ að nálgast himi-ninn.
Ef ég aðeins fæ að snerta þig.

::Skoða þú hjarta mitt ó, Guð,
hvort að þar brenni eldur þinn.
Ekkert má hindra' að andi þinn,
flæði frá mér...:

41 Ég hef lesið um ljómandi

Ég hef lesið um ljómandi höllu,
ofar lágreistum mannanna sölum.
Fold með iðgrænum blómskrýddum
bölum
brátt ég fæ, brátt ég fæ, vera þar.

Hallelúja Guðs herskarar syngja
Hallelúja frá jörðunni ómar,
Vilji sporin mín vegraunir þyngja,
veit ég senn er ég þar.

Ég hef lesið um land þar sem enginn,
lengur þjáist af sjúkdóma stríði.
Enginn styrjaldar angistar kvíði,
innan skamms, innan skamms verð ég
þar.

Hallelúja þá hjörtu vor fagna,
Hallelúja öll vantrú er farin,
sérhver freistingarrödd þá mun
þagna,
þar hjá Guði um eilífð ég er.

Ég hef lesið um ljósbjarta skruðann,
lífsins kórónu gullinu skærri.
Dýrð sem allri manns hugsun er hærrí,
þar ég heima á senn, heima á senn.

Hallelúja í heilögum anda,
hljómar til mín frá eilífðar
ströndum,
ég finn bresta í jarðlífsins böndum,
brátt hjá Jesú, hjá Jesú ég er. (2x)

42 Ég heyri hljóminn

Ég heyri hljóminn af herskara Guðs, (2x)
lofgjörðaróm, baráttuhljóm.
Hersveitir Guðs (3x), stíga fram.

43 Ég kem til þín

Ég kem til þín í lofgjörð,
að syngja þér minn söng
söng um dýrð og heiður,
fyrir allt sem gafstu mér.
Þú gafst lífi mínu tilgang,
líf í fullri gnægð,
og nú ég þrái að syngja,
þér minn lofsöng Herra kær.

Þú ert faðir alls sem lifir,
upprisinn í dýrð,
þú ert sá sem gekkst í burt
frá tómri gröf þann dag.
Og þú leystir allt þitt fólk
með frelsi og þinni lausn,
nú ég geng með þér
hvern dag og hverja stund.

44 Ég legg í Síon

Ég legg í Síon
valinn og dýrmætan stein.
Valinn stein, dýrmætan stein,
og sá sem trúir mun ei glatast.
Valinn stein, dýrmætan stein,
og sá sem trúir því, hann glatast ei.

45 Ég leit eina lilju í holti

Ég leit eina lilju í holti,
hún lifði hjá steinum á mel.
Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk,
en blettinn sinn prýddi hún vel.
Ég veit það er úti' um engi,
mörg önnur sem glitrar og skín.
Ég þræti' ekki um liti né ljóma,

en liljan í holtinu' er mín.

Kór: :/: Þessi lilja' er mín lifandi trú :/:
Hún er ljós mitt og von mín og yndi.
Þessi lilja er mín lifandi trú.

Og þó að í vindinum visni,
á völlum og engjum hvert blóm.
Og haustvindar blási um heiðar,
með hörðum og deyðandi róm.
Og veturinn komi með kulda,
og klaka og hríðar og snjó.
Hún lifir í hug mér sú lilja,
og líf hennar veitir mér fró.

Þessi lilja' er mér gefin af Guði,
hún grær við Hans kærleik og náð.
Að vökva' hana ætíð og vernda,
er vilja míns dýrasta ráð.
Og hvar sem að leið mín liggur,
þá lilju í hjartastað ber.
En missi ég liljuna ljúfu,
þá lífið er horfið frá mér.

46 Ég lofa þig

Ég lofa þig, þú mikli Guð,
enginn er sem þú.
Ég lofa þig, þú friðarprins,
það eitt vil ég gera nú.
Ég gef þér allt,
því þú ert mitt réttlæti.
Ég lofa þig, þú mikli Guð,
enginn er sem þú.

47 Ég lyfti höndum

Ég lyfti höndum
til konungsins, til hins eilífa
syng ég minn söng.
Því það ert þú
sem ert konungur míns lífs. (2x)

Ég þjóna engum öðrum guðum
ég á engan annan fjársjóð.
Að vera fylltur anda þínum
er það eina sem ég þrái.
Þér, ó Guð, gef ég nú hjarta mitt.

48 Ég snemma fór að hugsa

Ég snemma fór að hugsa,
hve þú herra varst mér fjarri.
En ég þráði líf þitt Drottinn,
og að dveljast æ, þér nærri.
Að glatast myndi' glöggst ég sá,
ef góðverk treysta þyrfti ég á.
En Guð, þú sagðir við mig:
„Náð mín nægir þér.“

Það mörgum þykir heimska'
að vera' að hlusta á þig og trúá.
Og þeir færa rök og sannanir
og segja Orð þitt ljúga.
Þá vel ég finn ég ekkert get,
og allt mitt traust því á þig set.
Því Guð, þú sagðir við mig:
„Náð mín nægir þér.“

Lífið oft er erfitt þegar einn
ég þarf að þreyja.
En ég veit að þú ert með mér,
uns í þér ég fæ að deyja.

Ó Guð minn viltu hjálpa mér,
að helga líf mitt einum þér,
svo fleiri fái' að sjá
að náð þín nægi mér.

Í Orði Drottins alltaf finn ég frið,
því hann er lausnarinn:
Sem við mig sjálfur segir:
„Náð mín nægir þér.“

49 Ég varð glaður

Ég varð glaður, gladdist mjög
er var sagt við mig:
„Þú skalt ganga í hús
Drottins Guðs í dag.“

Þar er söngur, þar er gleði,
þar er fólkið frjálst,
frjálst í lofgjörð til Drottins Guðs.

50 Ég vil bara lofa þig

Ég vil bara lofa þig, lofa þig minn Guð.
Ég vil bara lofa þig, lofa þig minn Guð.
Nafn þitt það fegursta á jörðu er,
og því minn kærleik ég gefa vil þér,
ég vil lofa þig, lofa þig minn Guð.

51 Ég vil dvelja í skugga

1. Ég vil dvelja í skugga vængja þinna,
ég vil þiggja þann frið er færir þú.
Nóttin kemur, en ég mun ekki hræðast,
er ég dvel í skugga vængja þi - inna.

Kór:

Í skugga, í skugga,
í skugga vængja þi – inna.
Í skugga, í skugga, í skugga vængja
þinna.

2. Undir vængjum hans, má ég hælís
leita,
trúfesti hans er skjöldur minn.
Örvar fljúga, en ég mun ekki hræðast,
er ég dvel í skugga vængja þinna.

52 Ég vil ganga inn

Ég vil ganga inn um hlið hans,
með þakkargjörð í sál,
inn í forgarða hans með lofsöng.
Því að þetta er sá dagur,
sem Drottinn hefur gjört.
Ég fagna vil, því hann mér gleði gaf.

Viðlag:

Hann mér gleði gaf,
hann mér gleði gaf.
Ég fagna vil, því hann mér gleði gaf. (2x)

53 Ég vil koma og krjúpa

Ég vil koma og krjúpa við fætur þína,
þar sem fullt er af gleði og frið.
Það er ekkert, það er enginn,
sem jafnast á við þig.
Gleði mín er að lofa þig. (2x)
Gleði mín er að lofa þig, ó Guð.

54 Ég vil syngja þér

Ég vil syngja þér gleðisöng ó Guð,
þú ert mitt bjarg og þér ég treysti.
Nú kem ég til þín í þakkargjörð,
og mikla þig í söng.

Því þú ert æðstur allra konunga,
þú heldur jörðinni í hendi þér.
Já, ég vil syngja þér gleðisöng ó, Guð,
þú ert mitt bjarg og þér ég treysti.

55 Ég vil tigna Guð

Ég vil tigna Guð,
og lofa hans heilaga nafn.
Ég vil tigna Jesú,
hann sem er minn Guð.
Í honum á ég frelsið — á ég frelsið.
Í honum á ég gleði — sanna gleði.
Í honum á ég lífið — sem er
hið eina sanna líf.

56 Ég þarfnast þín

Ég þarfnast þín
Ég þarfnast þín,
meira' en í gær
Ég þarfnast þín
meira' en orð fá lýst
Ég þarfnast þín,
því mest af öllu er
þín ást til mín, (x2)

Án þín ei lifað fæ
Konungur hjarta míns
Drottinn þú ert mitt líf

Jesús er mér allt

Drottinn að eilífu
ganga vil þér við hlið
ég vil aldrei snúa aftur til míns gamla
lífs.
(ég þarfnast þín)

Hér í návist þinni er minn bústaður
Brostið hjarta mitt nú hef ég ratað heim
Ég verð aldrei aftur ein(n)

57 Einn sit ég hljóður

Einn sit ég hljóður, í hjarta mér er bæn,
hugur minn dvelur hjá þér.
Fær þú mig nær þér,
fær mér anda þinn,
ég elska Jesús, alltaf meir.

∴:Kom þú til mín,
kom til mín ó, Jesús.
Kom leið þú mig
og hef mig upp,
í Himins dýrð.∴:

58 Eins og ég stand

Eins og ég stand, því Orðið ver
þín eldfórn sé til lausnar mér.
Og að þú bjóst mér bú með þér,
Guðs heilagt lamb, hér fell ég fram.

Eins og ég stand, en hinkra ei hót,
að hreinsa synda kaunin ljót.

En viss um blóðsins verkin fljót,
Guðs valda lamb, hér fell ég fram.

Eins og ég stand, ég frið þinn finn,
þú fagnar, líknar, kemur inn.
Já! léttir, hreinsar hugann minn,

Guðs heilagt lamb, nú féll ég fram.

59 Eins og lofsöngslag

Eins og lofsöngslag
líf mitt sé hvern dag,
er ég bendi öðrum á þinn helga kross.
Láttu lífið mitt, lofa nafnið þitt,
svo að fleiri megi finna lífsins hnoss.
Með Guði geng ég sæll,
ég get ei kallast þræll,
því hann hefur frelsað mig,
nú – frjáls ég er.

Eins og lofsöngslag,
líf mitt sé hvern dag,
er ég bendi öðrum á þinn helga kross.
Hallelú, hallelúja ... (6x)

60 Eitthvað stórkostlegt

Eitthvað stórkostlegt, eitthvað gott,
allan minn biturleik þú tókst á brott.
Allt sem ég gat boðið þér,
var niðurbrotin sál,
en eitthvað stórkostlegt
þú gerðir úr mér þá.

61 Enginn er sem þú

∴:Enginn er sem þú,
enginn annar getur, elskað sem þú.
Um alla eilífð get ég leitað og séð, Jesús,
enginn er sem þú∴:

Ó, miskunn þín varir að eilífu,
og lækningu fáum hjá þér.
Í þínum örmum oss skortir ei neitt,
enginn er sem þú.

62 Er af himni kemur kraftur

Er af himni kemur kraftur þinn
er af himni kemur kraftur þinn
Hjartað fylltu Drottinn minn
er af himni kemur kraftur þinn

Er af himni streymir lífsins lind
er af himni streymir lífsins lind
Hreinsa mig af allri synd
er af himni streymir lífsins lind

Eignarlýður færir lofgjörð þér
láttu Helgan anda falla hér
Kirkjan lifni enn eitt sinn
er af himni kemur kraftur þinn

Hreinsa hjarta mitt x4

Fylltu hjarta mitt x4

Komi kraftur þinn x4

63 Er frelsarann sá ég

Er frelsarann sá ég við vatnið,
hann sagði við mig: „Ég veit þú ert
þreyttur og þráir minn frið.
Í leynd er þú grætur vil ég gefa þér ró.
Ég vil að þú munir hvers vegna ég dó.“

64 Er í nærveru þína

Er í nærveru þína ég kem,
er í kærleika þínum ég dvel
og ljósið þitt víkur skugga heimsins burt.

Er finn ég hjarta þitt gleðjast yfir mér,
er læt ég ást þína stjórna mér
og ljósið þitt víkur skugga heimsins burt.

∴: Ég lofa þig, ég lofa þig, því allt
gafst þú mér, ég vil lofa þig. ∴:

65 Faðir minn gerðu mig

Faðir minn gerðu mig að kerri,
hreinu og tæru, lifandi af trú.
Með lofsöng til þín,
lifandi ljós skín,
frá því kerri sem mótar þú.

66 Gef mér drekka Guð

Gef mér drekka Guð, af þínum lindum.
Gef mér Andans hvítasunnudag.

Sól er yfir Zionsfögru tindum.
Send mér fylling þín af ei drag.

Dýpra mig í duftið vil ég beygja.
Drottinn, taktu allt mitt sjálflíf burt.

Kveð ég allt, við Krossinn vil ég þreyja.
Kristur gefðu vorskúr þinni jurtt.

Þótt það kosti þrefalt fórnir meiri, það
skal látið ef þú gefur mér.

Andans skírn og Andans gjafir fleiri á
altarið Guð, ég legg mig hér.

Fyrirheit þin, Faðir eru gefin, fyrnast
geta aldrei loforð þín.

Hjartað trúir, hrekkur burtu efinn.
Heilags anda gjöfin er til mín.

Gef mér drekka Guð af þínum lindum.
Gef mér Andans hvítasunnudag.

Send mér ferskan sveip af þínum
vindum. Svo ég öðlist fegri trúarbrag.

Brjóst mitt svellur blessun þinni móti.
Barnið þráir drykk er svarar því.

Djörfung svo og dýpra líf ég hljóti.
Drottinn skír mig fylling þinni í.

67 Gefðu regn / Let it rain

Gefðu regn, gefðu regn.
Opnaðu flóðgáttir himins.
Let it rain, let it rain.
Open the floodgates of heaven.

68 Gef mér olíu á lampann

Gef mér olíu á lampann kæri Jesús
Gef mér olíu á lampann ég bið
Gef mér olíu á lampann kæri Jesús

Svo þar brenni eldur dag og nótt

Gef mér gleði í hjartað kæri Jesús
Gef mér gleði í hjartað ég bið
Gef mér gleði í hjartað kæri Jesús
Svo þig lofi daginn inn og út

Gef mér frið í hjartað kæri Jesús

Gef mér frið í hjartað ég bið
Gef mér frið í hjartað kæri Jesús
Í þér hvíli bæði dag og nótt

Hósanna, hósanna,
Hósanna konungi konunga (x2)

69 Gegnum allt

(Through it all)

Gegnum allt, gegnum allt,
ég læri að treysta Jesús,
ég læri að treysta á Guð.
Gegnum allt, gegnum allt,
ég læri að setja allt mitt traust á Hann.

70 Gleði, gleði, gleði

Gleði, gleði, gleði, gleði líf mitt er,
því að Jesús Kristur það gefið hefur mér.
Ég vil að þú eignist þetta líf,
því það er gleði, gleði, gleði alla tíð.

71 Gleymum sjálfum oss

Gleymum sjálfum oss um stund
og lyftum Jesús upp og lofum hann. (2x)
Gleymum sjálfum oss um stund og
lyftum Jesús upp og lofum nafnið hans,

Iofum hann, Drottinn vorn og Guð.

Hann lét negla sjálfan sig,
á krossinn fyrir mig, ég elska hann.(2x)
Elska hann, Drottinn minn og Guð.

Þú lést negla sjálfan þig,
á krossinn fyrir mig, ég elska þig.(2x)
Elska þig, Drottinn minn og Guð.

72 Góði Jesús

Góði Jesús gakk ei framhjá,
gef mér bænastar.
Herra' í þínu helga
nafni hjálpin alltaf var.

Kór:

Góði Jesús,
gef mér svar frá þér.
Er þú aðra örlátt blessar, ei þú gleymir
mér.

Lát við hástól helgrar náðar hjartað
finna ró.
Þegar hryggð mitt hjarta grípur,
Herra gef mér fró.

Kór:

Góði Jesús,
gef mér svar frá þér.
Er þú aðra örlátt blessar, ei þú gleymir
mér.

Þú ert gleðilindin ljúfa, lífið fyrir mig.
Hirði' ég ei um heim né jörðu,
Hafi' ég aðeins þig.

Kór:

Góði Jesús,

gef mér svar frá þér.

Er þú aðra örlátt blessar, ei þú gleymir
mér.

73 Guð minn ég lofa

Guð minn ég lofa þó gisti í kofa,
gullið og silfrið mér eigi sé veitt.
Indæl mér bíður að afloknu stríði,
íbúð með gulli og steinum skreytt

Ég á mér bústað á himnanna hæðum.
Hrörnun ei þekkist við Guðsdýrðar-stól.
Allir þar mettast af hans eilífu gæðum.
Aldrei til viðar þar hnígur sól.

Reynd var með árum oft trúin með
tárum.

Tíðum minn koggi sem Jakobs er steinn.
Hásalur fríður á himni mér bíður.
Hér niðri' á jörðu ég á ei neinn.

Ég á mér bústað á himnanna hæðum.
Hrörnun ei þekkist við Guðsdýrðar-stól.
Allir þar mettast af hans eilífu gæðum.
Aldrei til viðar þar hnígur sól.

Hygg ei ég kvíði í hættum og stríði,
hræðist ei fátækt né bugast af eynd.
Auðlegð míns hjarta er ættlandið bjarta,
er mér þar kórónan fögur geymd.

Ég á mér bústað á himnanna hæðum.
Hrörnun ei þekkist við Guðsdýrðar-stól.
Allir þar mettast af hans eilífu gæðum.
Aldrei til viðar þar hnígur sól.

74 Hallelúja

Þú gafst mér Jesús gleði og frið,
ég gat sem barn þig talað við,
og sorgin aldrei ýfði sálu mína.
Tilveran var traust og hlý,
tært var loftið hvergi ský
og tilvalið að hrópa hallelúja.

Hallelúja, hallelúja, hallelúja, hallelúja.

Táningsára öldurót,
eftir það mér kom í mót,
bjartar vonir brugðust eins og gengur.
Oft var kalt og oft var heitt,
eigi skildi ég þetta neitt, en samt ég
reyndi að segja hallelúja.

Hallelúja, hallelúja, hallelúja, hallelúja.

Nú leiðst við höfum langan veg,
ljúfi Jesús þú og ég,
þú gafst mér styrk, ég stóð í skjóli þínu.
Er vinir brugðust von og þrá,
varstu Drottinn enn mér hjá,
skýli mitt og skjöldur hallelúja.

Hallelúja, hallelúja, hallelúja, hallelúja.

Þú barst mig gegn um erfið ár
og öll mín græddir hjartasár,
enginn vinur er sem Drottinn Jesús.
Er burt hann fór hann býr mér stað
og brátt ég fæ að reyna það
í söllum þeim að syngja hallelúja.

Hallelúja, hallelúja, hallelúja, hallelúja.

75 Hann Davíð

Hann Davíð var lítill drengur,
á Drottins vegum hann gekk.
Hann fór til að fella risann,
og fimm litla steina hann fékk.
Einn lítinn stein í slönguna lét
og slangan fór hring eftir hring.
Einn lítinn stein í slönguna lét
og slangan fór hring eftir hring.
Hring eftir hring og hring eftir hring
og hring eftir hring eftir hring.
Upp í loftið hentist hann
og hæfði þennan risamann.

76 Hann er Jehova

Hann er Jehova, Drottinn Guð allsherjar.
Hann er Jehova, dýrðlegur, heilagur.
Friðarhöfðingi, höfundur sköpunar.
Hann er Jehova, Drottinn máttugur.

Hallelujah, hallelujah, hallelujah,
hallelujah.

Hann er Jehova Guð, hans allt er valdið
hér
Hann er Jehova, náð hans nægir mér.
Hann er Jehova, dýrðlegur voldugur.
Drottinn Guð Ísraels, sá er vann sigurinn.
Hann er Jehova, undursamlegur.
Konungur þjóða, upphafið, endirinn.

Hallelujah, hallelujah, hallelujah,
hallelujah.

Hann er Jehova Guð, hans allt er valdið hér.

Hann er Jehova, náð hans nægir mér.

Hann er Jehova, Kristur, kletturinn.

Kærleikur fullkominn, hann dó fyrir mig.

Hann einn er vegurinn, endurlausnarinn, og um eilífð hans veldi annast mig.

Hallelujah, hallelujah, hallelujah, hallelujah.

Hann er Jehova Guð, hans allt er valdið hér.

Hann er Jehova, náð hans nægir mér.

77 Hann gefur frið

Hann gefur frið,

öllu illu hann víkur burt.

Hann gefur frið, hann gefur frið.

Settu þitt traust á hann,

því hann elskar þig.

:/: Hann gefur frið.:/:

78 Hann er lífið

Hann er lífið, hann er ljósið,

hann er lambið heilaga.

Hann er styrkur okkar allra,

hann er gleðin eilífa.

Hann er vatnið, hann er blóðið,

hann er andans eldurinn.

Hann er Drottinn Jesús Kristur,

hann er endurlausnarinn.

79 Hann snart mig

Hann snart mig, ó, hann snart mig, og friður fyllti mína sál.

Eitthvað gerðist, ég veit það nú, hann snart mig og gaf mér trú.

Þjakaður af þungri byrði,

þjáður, kvalinn syndaneyð.

Kristur Jesús kom og snart mig,

og kvölin vék þá frá mér um leið.

Hvílík stund nú fann ég frelsið,

fögnuðinn – ó, Jesús minn.

Lífið hefur leikið við mig,

ó, lof sé þér, nú er ég Guð þinn.

80 Hans náð smyr mína sál

Hans náð smyr mína sál,

hans blóð þvær mína synd.

Ég er frjáls, ég er frjáls.

Mín skömm máðist á burt,

mín þraut hvarf við hans orð.

Ég er frjáls, ég er frjáls.

Ég á fyrirheitið.

Guð minn, gröfin er tóm.

Jesús lifir enn, Jesús lifir enn.

Jesús lifir enn, Jesús lifir enn.::

Öll tregatárin, tók hann burt frá mér.

Ég dansa af gleði, Guð er hér,

og gjöf hans mikil er.

,:: Hann er upprisinn, Hann er upprisinn,

Hann er upprisinn, Hann er upprisinn. :,:

81 He is jealous for me

(How He loves us)

He is jealous for me.

Love's like a hurricane, I am a tree.

Bending beneath, the weight of His wind
and mercy.

When all of a sudden, I am unaware of
these afflictions eclipsed by glory,
and I realize just how beautiful You are
and how great your affections
are for me.

Oh, how He loves us so.

Oh, how He loves us,
how He loves us so.

Yeah, He loves us,
woah, how He loves us,
woah, how He loves us,
woah, how He loves.

So we are His portion and He is our
prize,
drawn to redemption by the grace in His
eyes.

If grace is an ocean we're all sinking.
So heaven meets earth like a sloppy wet
kiss and my heart turns
violently inside of my chest.

I don't have time to maintain these
regrets when I think about, the way.

Yeah, He loves us ,
woah, how He loves us,
woah, how He loves us,
woah, how He loves.

82 Heilagur og hátt

Heilagur og hátt upp hafinn

Svo hreinn ég tigna þig

Ég þrái að snerta þína dýrð

Ég þrái að hjarta mitt

Slái í takt við þitt

Ég þrái að líta auglit þitt

Minn heilagi faðir

Af öllu hjarta ég þrái' að lofa þig

83 Helgur andi

:/: Helgur andi,

við þig bjóðum velkominn.:/:

Almáttugi faðir, þú miskunnar mér,
við þig bjóðum velkominn.

84 Heyr ó Ísrael

Heyr ó, Ísrael að Drottinn Guð. Að...
Drottinn einn er Guð.

Heyr ó, Ísrael að Drottinn Guð. Að...
Drottinn einn er Guð.

Er Gu – uð, Gu – uð,
að Drottinn einn er Guð.

Er Gu – uð, Gu – uð,
að Drottinn einn er Guð.

:::Shemâ Israel Adonay Elohenû

Adonay 'echad:::

:::'echad 'echad

Adonay 'echad:::

85 Hevenu Shalom Alechem

Hevenu Shalom Alechem,
hevenu Shalom Alechem,
hevenu Shalom Alechem,
hevenu Shalom Shalom,
Shalom Alechem.

Við flytjum friðarins kveðju. (3x)

Við flytjum öllum mönnum,
friðarkveðjuna.

86 Himnanna ríki

1. Himnanna ríki er hjá oss,
hymnanna ríki oss gefst í trú,
hymnanna ríki er hjá oss nú.
Kristur kemur brátt.

Kór:

Ó, hallelúja, ó, hallelúja,
ó, hallelúja,
Kristur kemur brátt.

2. Herra minn hvert get ég farið,
hvar get ég verið á jörðu' án þín.
Þú hefir bætt fyrir brotin mín,
Kristur kemur brátt.

3. Ef að vér erum í Kristi,
erum við sannlega vinir hans.
Leystir með krossdauða frelsarans,
Kristur kemur brátt.

4. Drottinn vor Kristur oss Kenndi:
„Komið til mín og þér eignist frið.“
Komið og hvíld finnið krossinn við,
Kristur kemur brátt.

87 Hinei ma tov

(Sjá hversu fagurt)

:/: Hinei ma tov umanaim
shevet achim gam yachad. :/
:/: Hinei ma tov – hinei ma tov.
Lai lai lai lai lai.
Lai lai lai lai lai. :/:

:/: Sjá hversu fagurt og yndislegt er
er systkini dvelja saman.:/:

:/: Í einingu-í sannri einingu.

Lai lai lai lai lai.

Lai lai lai lai lai.:/:

88 Hjarta mitt það svellur

Hjarta mitt það svellur,
af yndisleik, af hátign.
Þú ert hinn fegursti,
konungur hinn æðsti.
:/: Ljóð mitt heiðrar konung,
konung heiðrar mitt ljóð. :/:

89 Honum sem í hásetinu

:/: Honum sem í hásetinu situr
og lambinu. :/:

Sé lofgjörðin og heiðurinn
dýrðin og krafturinn.

Sé lofgjörðin og heiðurinn,
um aldir. AMEN

90 Horfðu hiklaust á Jesú

(Turn your eyes upon Jesus)

Horfðu hiklaust á Jesú,
lít himneska tign hans og glans.
Þá á fegurð heimsins strax fölva slær,
móts við fyllingu miskunnar hans.

Betur, betur til Jesú,
þú beina skalt huga og sál.
Er þú sérð hans dýrð,
mun þér finnast fátt,
um hið fánýta veraldar prjál.

91 How great is our God

The splendor of the King,
clothed in majesty,
let all the earth rejoice,
all the earth rejoice.

He wraps Himself in light,
and darkness tries to hide,
and trembles at his voice,
trembles at his voice.

Chorus:

How great is our God, sing with me,
how great is our God, all will see,
how great, how great is our God.

2. Age to age He stands,
and time is in His hands,
beginning and the end,
beginning and the end.

The Godhead, three in one:
Father, Spirit, Son,
the Lion and the Lamb,
the Lion and the Lamb.

Bridge:

Name above all names,
worthy of all praise.
My heart will sing,
how great is our God.

92 Hreinsa hjarta mitt

Hreinsa hjarta mitt, verði það sem þitt,
hreinsa líf mitt nú, verði ég sem þú.

Því þú ert skaparinn, ég er sköpun þín,
líkna mér lækna mig, Guð þess bið ég
þig.

Hreinsa hjarta mitt, verði það sem þitt,
hreinsa líf mitt nú, verði ég sem þú.

93 Hreinsa mig

Hreinsa mig
Með eldinum frá anda þínum

Hreinsa mig
Gjör mig líkari þér

Deyddu allt

Já allt sem er mitt eigið ó Guð

Nota mig eins og þú vilt

94 Hve dýrmæt er Guðs

Hve dýrmæt er, Guðs undranáð,
sem upp mig hóf úr synd.

Ég týndur var, mitt reikult ráð,
var ræfill, sál mín blind.

Í hjartað sendi náðin neyð,
úr nauðum hún mig tók.

Hve mér varð náðin helg og hrein,

sem hjartans fögnuð jók.

Úr þrautum, snörum, hættum hér,
mig hefur frelsað náð.
Og náðin Drottins nægir mér,
hún nær á himnaláð.

Og komin heim á ljóssins lóð,
við lítum herrann Krist.
Og syngjum honum siguróð,
í sælli himnavist.

95 Hver er í salnum

Hver er í salnum? Hlusti nú drótt!
Hingað inn kemur frelsarinn skjótt,
opnar mér faðminn, hvíslar svo hljótt:
"Hér er ég, vinur minn."

Kór:
Svara, svara: „Vertu velkominn.
Vissulega ertu Drottinn minn.
Hjarta mitt fagnar, hér ertu nær,
herra minn Jesús kær.“

Hendur hans lít ég, sármerkin sé,
sál mín í lotning fellur á kné,
fætur hans kyssi' eg kvalda á tré.
„Kom nú,“ hann segir blítt.

Hingað svo kem ég, fund eftir fund,
finnst mér hér inni sælunnar stund.
Hvíslar hann að mér, út réttir mund:
"Ég er hér, vinur minn."

96 Hvíli sál þín glöð

Hvíli sál þín glöð í faðmi Frelsarans?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Treystir þú á mildiríka miskunn hans?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Kór: Er þín sál orðin hrein?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Er þín skikkja fáguð hvít og hrein sem
snjór?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Gengur þú hvern dag í trú við Herrans
hlið?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Finnur þú í honum líf og hvíld og frið?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Kór: Er þín sál orðin hrein?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Er þín skikkja fáguð hvít og hrein sem
snjór?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Þegar Drottinn kemur, munu klæði þín
vera þvegin í Lambs dreyra lind?
Mun þinn Guð þá taka þína sál til sín?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Kór: Er þín sál orðin hrein?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Er þín skikkja fáguð hvít og hrein sem
snjór?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

Legðu frá þér töturklæðin syndasvört,
kom og þvo þig í Lambs dreyra lind,
svo þín brúðkaupsskikkja verði skír og

þjört, kom og þvo þig í Lambs dreyra lind.

Kór: Er þín sál orðin hrein?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?
Er þín skikkja fágúð hvít og hrein sem snjór?
Ertu þveginn í Lambs dreyra lind?

97 Hvílík forréttindi

Hvílík forréttindi það eru,
að fá að dvelja frammi fyrir þér Faðir.
Hvílík forréttindi það eru,
að fá að vera barnið þitt.

Fyrir blóð þitt Jesús
fyrir nafn þitt Jesús
á ég öruggan aðgang að þér ó, Guð.
Fyrir blóð þitt Jesús
fyrir nafn þitt Jesús
á ég öruggan aðgang að þér.

98 Hvítum skróða réttlætis

Hvítum skróða réttlætis ég klæddur er,
sem Kristur mér á :/: krossi vann. :/:
Glaður hef ég skikkju mína laugað blóði
Lambsins, í mér :/: lifir hann. :/:
Ó hve gott að ég get treyst að elska Guðs
mig hefur leyst og frelsað mig – í Jesú.
Guð tók burtu sekt og synd,
nú sér hann aðeins í mér mynd af Jesú.

99 Hærra minn Guð til þín

Hærra minn Guð til þín
hærra til þín

enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:/: Hærra, minn Guð til þín :/:
hærra til þín.

Villtist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:/: Hærra, minn Guð til þín :/:
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:/: Hærra, minn Guð til þín :/:
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýtttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig Guð til þín.
Hærra, minn Guð til þín
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað
stjörnur og sól.
Hljómi samt harpan mín
:/: Hærra, minn Guð til þín :/:
hærra til þín.

100 I can see the bright light

I can see the bright light shine
it's just about hometime,
I can see the Father standing at the
door.

This world is in a wilderness,
I'm ready for deliverance,
I've never felt this homesick before.

101 I could sing of your love

Over the mountains and the sea,
your river runs with love for me.
And I will open up my heart and
let the healer set me free.

I'm happy to be in the truth,
and I will daily lift my hands.
For I will always sing of
when Your love came down, (yeah).

∴:I could sing of Your love forever,
I could sing of Your love forever.∴:

Oh I feel like dancing:
It's foolishness I know.
But when the world has seen the light,
they will dance with joy like we're
dancing now.

I could sing of Your love forever...

102 I enter the holy of holies

I enter the Holy of Holies,
I enter through the blood of the Lamb.

I enter to worship You only,
I enter to honor I Am.

Lord I worship You, I worship You,
Lord I worship You, I worship You,
for Your name is Holy, Holy Lord. (2x)

103 I feel the pull

At night I lay in bed and I begin to cry,
and my mind just fails to know exactly
why.

I can't explain with tongue or pen,
the Spirit's groanings deep within.

It must be God here in my soul,
'cause I feel the pull.

I feel the pull,
I hear the call,
and I know His Spirit's moving me to
give my all.

He speaks to me,
and I agree.
Lord please come and take control,
I feel the pull.

I went to hear the Word,
and with each line and phrase,
oh, He was drawing me to give a higher
praise.

There's a deep call to the deep,
like a great magnet pullin' me.

I know for sure,
that I'll reach the goal,
'cause I feel the pull.

I feel the pull,
I hear the call,
and I know His Spirit's moving me to
give my all.

He speaks to me,
and I agree,
Lord please come and take control.

I feel the pull,
:/: Lord please come and take control,
I feel the pull. :/:

104 Í auðmýkt

Í auðmýkt til þín kem,
og hjarta mitt þér gef,
beygi kné mín háseti þitt við.

Hef upp hendur Guð til þín,
heiti ást minni á ný.
Ég tilbið þig í anda,
í sannleik tilbið þig.
Gerðu líf mitt allt að lofsöng
fyrir þig.

105 Í bljúgri bæn

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt sem miður fer
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

106 Í Jesú nafni

Í Jesú nafni, í Jesú nafni,
alltaf er sigur nýr.

Í Jesú nafni, í Jesú nafni,
óvinaherinn flýr.

Hver fær túlkað kærleik hans,
kraft til frelsunar syndarans.

Í míns Jesú eðla nafni,
alltaf er sigur nýr.

107 Í krafti Krists

Í krafti Krists við vinnum sigurinn,
við sundurbrjótum verk óvinnarins.

Við munum sjá, og hefja siguróp,
hann er Guð! Því Guð vann okkur
sigurverk,

hann leysti lýðinn sinn.

Orð hans felldi óvinninn,

heimur mun undrast og sjá að í krafti
Krists

108 Í lofgjörð

Í lofgjörð, vil ég ge - fa þér allt.

Í lofgjörð, vil ég gefa þér allt. (2x)

Því Jesús, þér vil ég ætíð þjóna,
syngja hjartans dýpstu tóna.

Í lofgjörð, vil ég gefa þér allt.

109 Í þinni nærveru

:/: Í þinni nærveru, í þinni nærveru.
Þinn helgi andi lifir í mér.

Ég fell að fótum þér, ég fell að fótum þér.

Þitt helga orð talar til mín. :/:

Og ég - g - g, vil dvelja hjá þér.

Og ég - g - g, er ekkert án þín.

Og ég - g - g, vil dvelja hjá þér.

og ég - g - g, er ekkert án þín.

110 Já, allir sem Guð hefur

Já, allir sem Guð hefur friðkeypt og frelsað,

þeir koma fagnandi til Síon
og eilíf gleði leikur yfir höfði þeim.(2x)

Fögnuð og gleði finna þeir,
en andvarp og hryggð er horfin burt.

Já, allir sem Guð hefur friðkeypt og frelsað,

þeir koma fagnandi til Síon
og eilíf gleði leikur yfir höfði þeim.

Því Jesús þér vil ég ætíð þjóna,
syngja hjartans dýpstu tóna.

Í lofgjörð, vil ég ge - fa þér allt.

111 Já, í heilögum anda

Já, í heilögum anda vil ég hitta þig, Jesús,
eiga dásamlegt samfélag við þig.

Alla byrði og þreytu, vil ég leggja til hliðar

og í heilögum anda lofa þig.

112 Jesús, er ég nefni nafnið

Jesús, er ég nefni nafnið þitt,
nalgast þú og blessar lífið mitt.

Þú læknar sérhvert sár,

og þerrar sorgartár.

Jesús, er ég nefni nafnið þitt.

113 Jesus is the answer

Chorus:

Jesus is the answer, for the world today,
above Him there's no other,
Jesus is the way.(3x)

1. If you have some questions,
in the corners of your mind.

Traces of discouragement,
the peace you cannot find.

Reflections of your past,
seem to face you everyday.

But this one thing I do know,
that Jesus is the way.

2. I know you've got mountains,
that you think you cannot climb.

I know your skies are dark,
you think the sun won't shine.

But in case you don't know,
that the word of God is true.

Everything he's promised,
He will do it for you.

Bridge:

Jesus is the Way,
(the Truth and the Light). (5x)

114 Jesús, Jesús, Jesús

Jesús, Jesús, Jesús,
það er eitthvað við þetta nafn.
Frelsari, Drottinn Jesús,
þér mun lúta þjóðanna safn.
Jesús, Jesús, Jesús,
hrópa lýðir lönd og storð.
Haf og himinn þótt líði undir lok,
stendur stöðugt þitt heilaga orð.

115 Jesús er besti vinur

∴: Jesús er besti vinur barnanna. ∴:
Alltaf er hann hjá mér,
aldrei fer hann frá mér.
Jesús er besti vinur barnanna.

116 Jesús kemur

Jesús kemur, Jesús kemur,
sjáið ljósdýrð lausnarans.
Allar heimsins þjóðir skulu
krjúpa fyrir fótum hans.
Hann með guðdómlegum krafti,
sveiflar sverði sannleikans.
Með sigri fer hann fram.

Kór:

Dýrð sé Guði, hallelúja. (3x)
Með sigri fer hann fram.

2. Jesús kemur, ég í anda
heyri helgan lúðurhljóm.
Yfir öllum þjóðum heimsins,
mun hann halda strangan dóm.

Þeir sem elska hann þá lofa hann
með ljúfum gleðiróm.
Með sigri fer hann fram.

3. Jesús fæddist þar sem landið
prýðir liljublóma skraut.
Til að frelsa alla menn
hann þoldi sára sorg og þraut.
Hann vill leiða mig og þig
í Drottins ljúfa náðarskaut.
Með sigri fer hann fram.

117 Jesús, þú fyllir líf mitt

Jesús, þú fyllir líf mitt gleði.
Ég elska þig,
því þú ert góður Guð.
Jesús, þú ert fegurri en allt annað:
þú ert minn frelsari
mitt líf, þú ert mér allt – Jesús.
Minn fjársjóð hef ég fundið nú,
því dýrmætari en gull ert þú – Jesús.
Ég elska þig Drottinn minn og Guð.

118 Klædd er brúður

Klædd er brúður skrúða skærum,
skín á gullsaum, perlubönd.
Eintóm myrra - af því lærum –
eru klæðin, vör og hönd.

Kór:

Konungi til hægri handar
heilög stendur brúður hans.
Öll sín klæði vel hún vandar,
vætt í myrru kærleikans.

Klæðin björt við krossinn fann hún,
Kristi þegar gaf hún sál.
Gull-sauminn úr sorgum spann hún.
Sigurtrú var hennar mál.

Konungi til hægri handar
heilög stendur brúður hans.
Öll sín klæði vel hún vandar,
vætt í myrru kærleikans.

Ófír gulli enginn klæðist
ei sem neinar raunir sér.
Það sem upp af þjáning fæðist
það lífs dýrsta gullið er.

Konungi til hægri handar
heilög stendur brúður hans.
Öll sín klæði vel hún vandar,
vætt í myrru kærleikans.

Gullið stenst, en grómið brennur.
Guðs barn, uggðu vel að þér.
Æviskeiðið út þá rennur
of seint þá að helgast er.

Konungi til hægri handar
heilög stendur brúður hans.
Öll sín klæði vel hún vandar,
vætt í myrru kærleikans.

119 Kom helgur andi

Kom, helgur andi ég þarf þín,
kom helgur andi ég bið.
Kom með þinn kraft og þinn kærleik,
kom helgur andi ég bið.

120 Komi ríki þitt

Komi ríki þitt mitt á meðal
verði allur vilji þinn.
Allt sem er fætt af þér
sigrar heiminn,
þú minn Guð átt alla dýrð.
Þú ert heilagur,
þú ert heilagur.

121 Komum og gleðjumst öll

Komum og gleðjumst öll
kærleiksgjöf þína við þökkum þér
þinn kærleik þú Guðs son sem gafst þitt
líf.

Þú ert okkar konungur
og þú ert allt það sem þörfnumst vér.
Því færa hjörtu okkar þér gleðifylltan
söng.

:/: Komum og gleðjumst öll gleðjumst öll
glöð af hjartans lyst.

Glöð við hyllum konunginn Krist :/:

122 Krýndur dýrðarkórónu

Krýndur dýrðarkórónu,
klæddur valdi' og virðingu.
Krýndur dýrðarkórónu,
og ríkir hér að eilífu.

Þú stjórnar með valdi
og ríkir í heiðri.

Nafn þitt er hátt
yfir himni og jörð.

Þú ert konungur konunga. (2x)

123 Lausnargjald mitt

Lausnargjald mitt hefur verið greitt,
ég er frjáls.

Hjá þér fæ ég stöðugt nýjan kraft,
ég er frjáls.

Og nú flýg ég upp á arnarvængjum,
þú minn faðir ert minn styrkur.

Frá dýrð til dýrðar liggur vegur minn,
faðir minn með þér.

124 Lát hljóma um haf

(Sjá huggarinn er hér)

Lát hljóma um haf og storð Guðs heilagt
náðarorð,

Sem veitir líkn og lið Og ljós og náð og
frið.

Syng Drottni dýrðaróð, Syng dvalann
burt úr þjóð.

Guðs Andi kominn er.

Kór:

: Sjá Huggarinn er hér :

Guðs Andi sendur er

Í álfu hverja hér.

Lát hljóma um haf og storð

Guðs heilagt náðarorð.

Sjá Huggarinn er hér.

Hin langa nóttin leið, Nú ljómar sólin
heið.

Nú hlýnar hugur minn, Ég heyri
boðskapinn.

Um hann, sem hékk á kross

Og hefir frelsað oss.

Sjá Huggarinn er hér.

Kór:

Sjá, allt fullkomnað er, Guðs Andi túlkar
hér

Guðs eilíft ástarorð, um alla vora storð.

Hve dýrðleg er Guðs ást,

Sem aldrei neinum brást.

Guðs Andi kominn er.

Kór:

Sá eldur kveiktur er,

Sem aldrei slokknar hér.

Guðs hjörð á himni og jörð, syng honum

þakkargjörð,

þau heilög hrífi ljóð.

Hvert hjarta, land og þjóð.

Sjá Huggarinn er hér.

Kór:

125 Láttu regn Heilags anda

,: Láttu regn Heilags anda falla á mig.

Sérhvern dag, hverja stund,

við sérhvern andardrátt.

Láttu regn Heilags anda falla á mig.

Sérhvern dag, hvar sem er.

Láttu regn þitt falla á mig, falla á mig:,:

Þinni ást, engin orð fá lýst,

er flæðir inn í mína sál.

Nú andi þinn, fyllir huga minn,
frið ég finn, í návist þinni. Í návist þinni.

126 Leitið hans ríkis

Leitið hans ríkis og réttlætis nú,
ríkis Guðs föður á himnum.
Allt annað Guð oss þá gefur í trú,
hallelú-, hallelúja.

Þegar þér safnist hér saman á jörð
sjálfur þá kem ég til yðar.
Bænir ég heyri frá heilagra hjörð,
hallelú-, hallelúja.

Ekki af brauðinu einu á storð,
eingöngu lifað vér fáum.
Heyra vér þurfum Guðs heilaga Orð,
hallelú-, hallelúja.

127 Leyf mér að sjá þig

Leyf mér að sjá þig, minn lausnari kær,
löngun mín er að ég dragist þér nær.
Dvel mér í huga að degi sem nótt.
Drottinn minn, ljósið þitt gerir mér rótt.

Leyf mér að heyra þig, hlusta þig á.
Hjá mér æ vertu og ég æ þér hjá.
Ber mig sem faðir því barn þitt ég er.
Búa mér leyfðu um eilífð hjá þér.

Vertu minn skjöldur, mitt vígi og sverð,
vegsemd og gleði mín lífsins á ferð,
sál minni athvarf er sækir að neyð,
sýndu mér veginn og heim mig þú leið.

Vertu mín arfleifð í velsæld, í nauð,
veit mér ei fátækt né jarðneskan auð.

Hjarta mitt fylltu og fremstur þar ver.
Frelsarinn góði minn fjársjóður er.

Dýrð þína þrái ég dag einn að sjá,
Drottinn, mín gleði mun fullkomnast þá.
Leið mig í ríki þitt, lausnari minn,
loks þá ég eignast mun sigursveig þinn.

128 Líður að dögum

(Morning has broken)

Líður að dögum, léttir af þoku,
ljóðin sín kveða fuglar af snilld.
Sönginn og daginn, Drottinn, ég þakka,
dýrlegt er orð þitt, lind sönn og mild.

Verðandi morgunn, vindur og sunna.
Vanga minn strýkur náðin þín blíð.
Grasið og fjöllin, Guð minn, ég þakka,
geislar þín sköpun, nú er mín tíð.

Risinn til lífsins, lausnarinn Jesús,
leið sinni beinir, hvert sem ég fer.
Indæl er jörðin, eilíf er vonin,
allt skal að nýju fæðast í þér.

129 Lífsins vatn

Lífsins vatn, fylltu mína sál.
Helgur andi kom.
Lífsins brauð mættu hverri þörf.
Helgur andi kom.

Því ég get ekkert án elsku þinnar Guð.
Fyll mitt líf á ný.
Þá mun líf mitt lýsa þinni dýrð.
Helgur andi kom

130 Ljós þessa heims

Ljós þessa heims,
þú steigst niður í myrkrið.
Augu mín opnaðir þú.
Fegurð þín fær hjartað til að dá þig,
von um að lifa með þér.

Svo, hér er ég í lofgjörð,
hér ég beygi hné mín.
Hér er ég og segi:
“Þú ert minn Guð.”
Því einn ert þú þess virði,
einn ert þú svo indæll,
einn ert þú svo dásamlegur Guð.

Konungur daganna,
hátt upp hafinn.
Dýrðlegur á himni og jörð.
Auðmjúkur komst þú,
á jörð, þína sköpun,
fórnaðir öllu af ást.

Ég aldrei skil hvað þú mér gafst,
er synd mína þú tókst á þig.
Ég aldrei skil hvað þú mér gafst,
er synd mína þú tókst á þig.

131 Ljúfi Jesú

Hvert sem leið mín liggur
hér í þessum heimi,
á ég ljós sem sífellt lýsir veginn minn.
Vin sem ljáði mér á krossi lífsrétt sinn.
Ljúfi Jesú.

Og þótt mæti mér á lífsleið þrautir
þungar,
þá ég huggun sæki í náðarfaðminn þinn.

Þar ég þrautum öllum gleymi Drottinn
minn.
Ljúfi Jesú.

Oft ég á svo ósköp erfitt með að skilja
hví þú aumkaðir þig yfir sekan mann.
Hvernig þú gast látið líf þitt fyrir hann.
Ljúfi Jesú.

Og ég bið þig Drottinn minn ó veit mér
visku,
til að velja þig í lífi mínu hér.
Svo ég halla meggi mér að brjósti þér.
Ljúfi Jesú.

Það er von mín að er lífsleið minni lýkur
og ég augun aftur legg í hinsta sinn.
Að þú komir mig að sækja Drottinn
minn.
Ljúfi Jesú.

:/: Og er hjá þér aftur lýk upp augum
mínum,
að ég fái þig að líta Drottinn minn
og þú takir mig í náðarfaðminn þinn :/
Ljúfi Jesú.

132 Lofsöngur hljómi

Lofsöngur hljómi mitt í þér ó, Síon,
með lofgjörð Guðs í munni þér.
Lofsöngur hljómi mitt í þér ó, Síon,
fögnum sigri' að eilífu.

En þér eruð: Útvalin kynslóð,
konunglegt prestafélag, heilög þjóð.
Víðfrægið dáðir hans um aldir alda,
eilífur Guð er hann.

133 Lyftum höndum upp

Lyftum höndum upp
hyllum konunginn.
Lútum honum,
syngjum honum söng.

Honum heiður ber,
lofgjörð okkar sér.
Hrein og heilög
dýrðleg fórn,
í þökk til konungsins.

134 María vissir þú

María vissir þú
að enginn var hér áður honum líkur.
María vissir þú
að aldrei neinn hér annar kæmi slíkur.
Vissir þú að byrðum heims hann bæta
mundi á sig,
mundi líkna öllum mönnum
og leysa jafnvel þig.

María vissir þú
að vindsins gnýr og vötnin lutu honum.
María vissir þú
hann fyllti allt fögrum nýjum vonum.

Vissir þú að englar höfðu
boðskap birt um hann,
ef þú kysstir barnsins kinnar
þú kysstir Guð og mann.

María vissir þú,
María vissir þú.

Blindur sá, að haltur hljóp,
að hræddur kjarkinn fékk.
Sá dumbi mælti dýrðleg orð,

sá dauði reis og gekk.

María vissir þú að sonur þinn
hann sigurkransinn bæri.

María vissir þú hann lífið sjáft
og sannleikurinn væri.

OOhh, vissir þú að ríki hans
það yrði eilíft hér.

Að aldrei myndu gleymast orðin hans,
ÉG ER....

135 Meiri en máttur

Meiri' en máttur, meiri en tign,
meiri' en jörðin og allt sem þar er til.
Meiri' en viskan og allt sem okkar er,
þú varst til á undan öllu hér.

Meiri' en kraftur meiri en vald,
meiri' en undur sem veröldin upp' fann.
Meiri' en allt það gull sem glóir hér,
ég get ei lýst hve stór minn Drottinn er.

Krossfestur og deyddur fyrir mig,
einmana og engin skildi þig.
Líkt og rós sem troðin er að jörð,
þú tókst á þig fallið mitt.

Meiri' en allt.

136 Meiri elska

Meiri elska, meiri kraftur,
meira' af þér í mitt líf.
Meiri elska, meiri kraftur,
meira' af þér í mitt líf.

Ég vil lofa þig af öllu hjarta,
ég vil lofa þig af öllum huga,
ég vil lofa þig af öllum mætti,
því þú ert minn Guð.
Þú ert minn Guð.

137 Meiri kraft

Meiri kraft, meiri kærleik
meir af' þér í mitt líf.
Meiri kraft, meiri kærleik
meir af' þér í mitt líf.

Og ég vil lofa þig, af öllu hjarta.
Og ég vil lofa þig, af öllum huga.
Og ég vil lofa þig, af öllum mætti,
því þú ert minn Guð.
Þú ert minn Guð.

138 Mín gæði eru þau

Mín gæði eru þau,
að dvelja nálægt þér Jesús.
Mín gæði eru þau,
að lofsyngja þig.

Já, öll mín vera,
lofsyngur þig.
Já, öll mín vera
fagnar yfir þér.

139 Miskunn þín fann mig

Miskunn þín fann mig, nú faðmar mig
náð.
Faðir, ég vil að mitt líf sé þér háð.
Enginn jafnast á við þig!

Fullkominn ertu, þinn friður ei dvín.
Fullvissu gefur mér trúmennska þín.
Ást þín leiðir mig lífsins á veg.

Ég hef augun upp til þín, sem skapað
hefur allt og í lotning lýt ég þér. Dýrð þín
ljómar.
Líf mitt lofi einan þig, lausnari, son Guðs
eini.

Um þig syngur englaher, konung himins.
Heiður þeim sem koma skal.
Heyr þann söng. Hallelúja.

Hallelúja!

140 More of you Jesus

∴ I've touched the hem of your
garment,
and I have felt the leading of your hand.
But today, my eyes look much higher,
to see the face of the great I am.∴∴

∴∴ More of you Jesus, more of your face,
more of your glory in this place.∴∴

141 Mætara en lífið

Mætara'en lífið er miskunn þín Guð. (2x)
Meðan ég lifi, ég lofa þig Drottinn,
ég lyfti höndum í bæn til þín.

Ég lyfti höndum og lofa þitt nafn. (2x)
Meðan ég lifi, ég lofa þig Drottinn,
ég lyfti höndum í bæn til þín.

142 Nafn Drottins er

:/: Nafn Drottins er sterkur turn
og þangað hleypur hinn réttláti
og finnur skjól. :/:

Blessað sé hans heilaga nafn.
Blessað sé hans heilaga nafn.
Blessað sé hans heilaga nafn um eilífð.

143 Nafn hans er dásamlegt

:/: Nafn hans er dásamlegt, :/:
nafn hans er dásamlegt, Jesús Guðs son.
Þann hef ég konung krýnt,
krans minnar hlýðni sýnt,
nafn hans er dásamlegt, Jesús Guðs son.
Kóngur minn Kristur og kletturinn alda,
almáttkur Guð er hann.
Fell að hans fótum, tigna hann, tilbið.
Nafn hans er dásamlegt, Jesús Guðs son.

144 Nafnið Jesús

Kór:

Nafnið Jesús, fagra nafnið Jesús.
Fyrir nafnið Jesús, á ég líf í dag.

1. Látlaust vil ég lofa nafnið Jesús,
lausn og frelsi veitir þetta nafn frá synd.
Meðan fjöldans nafn mun fölna,
mun hið fagra nafn hans ljóma,
og það lýsir mönnum leið um ógreið
fjöll,
það er leiðin sem við ferðumst yfir öll.
2. Innan skamms mun opnast
perluhliðið,

inn ég geng og lít hans auglit undurblítt.
Hann sem Kristur Jesús kallast,
komu hans ég þá mun minnast,
er á Golgata hann gaf upp anda sinn,
svo að gætum ég og þú séð himininn.

145 Nú hef ég valið

Nú hef ég valið
Nú hef ég valið að fylgja Jesú (x3)
Sný ekki við (x2)

Krossinn í stafni
Heimur (dómur) að baki (x3)
Sný ekki við (x2)

146 Nú legg ég augun aftur

Nú legg ég augun aftur
Ó Guð, þinn náðar kraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ virst mig að þér taka
mér yfir láttu vaka
þinn engil svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín svo blundi rótt.

147 Ó Faðir gjör mig lítið ljós

Ó, Faðir, gjör mig lítið ljós
um lífs míns stutta skeið
til hjálpar hverjum hal og drós
sem hefur villst af leið.

Ó, Faðir, gjör mig blómstur blítt
sem brosir öllum mót
og kvíðalaust við kalt og hlýtt
er kyrrt á sinni rót.

Ó, Faðir, gjör mig styrkan staf
að styðja hvern sem þarf,
uns allt það pund, sem Guð mér gaf,
ég gef sem bróðurarf.

Ó, Faðir, gjör mig sigursálm
eitt signað trúarlag
sem afli blæs í brotinn hálm
og breytir nótt í dag.

148 Ó, Guð vors lands

1. Ó, Guð vors lands! Ó, lands vors Guð!
Vér lofum þitt heilaga, heilaga nafn!
Úr sólkerfum himnanna hnýta þér krans
þínir herskarar, tímanna safn.
Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár,
og þúsund ár dagur, ei meir;
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.
Íslands þúsund ár,
Íslands þúsund ár!
eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár,
sem tilbiður Guð sinn og deyr.

2. Ó Guð, ó Guð! Vér föllum fram
og fórnum þér brennandi, brennandi sál,

Guð faðir, vor Drottinn frá kyni til kyns,
og vér kvökum vort helgasta mál.
Vér kvökum og þökkum í þúsund ár,
því þú ert vort einasta skjól.
Vér kvökum og þökkum með titrandi tár,
því þú tilbjóst vort forlagahjól.
Íslands þúsund ár,
Íslands þúsund ár!
Vorú morgunsins húmköldu, hrynjandi
tár,
sem hitna við skínandi sól.

3. Ó, Guð vors lands! Ó, lands vors Guð!
Vér lifum sem blaktandi, blaktandi strá.
Vér deyjum, ef þú ert ei ljós það og líf,
sem að lyftir oss duftinu frá.
Ó, vert þú hvern morgun vort ljúfasta líf,
vor leiðtogi í daganna þraut
og á kvöldin vor himneska hvíld og vor
hlíf
og vor hertogi á þjóðlífsins braut.
Íslands þúsund ár,
Íslands þúsund ár!
verði gróandi þjóðlíf með þverrandi tár,
sem þroskast á Guðsríkis braut.

149 Ó helga nótt

Ó helga nótt, þín stjarna blikar blíða
þá barnið Jesús fæddist hér á jörð.
Í dauða myrkrum daprar þjóðir stríða,
uns Drottinn birtist sinni barna hjörð.
Nú glæstar vonir gleðja hrjáðar þjóðir,
því Guðlegt ljós af háum himni skín.
Föllum á kné, nú fagna himins englar.
Frá barnsins jötu blessun streymir,
blítt og hljótt til þín.
Ó helga nótt, ó heilaga nótt.

Vort trúar ljós, það veginn okkur vísi,
hjá vöggum Hans við stöndum hrærð og klökk
Og kyrrlát stjarna kvöldsins öllum lýsi,
er koma vilja hér í bæn og þökk.
Nú konungurinn Kristur Drottinn fæddist
hann kallar oss í bróður'bæn til sín.
Föllum á kné, nú fagna himins englar.
Hjá lágum stalli lífsins kyndill,
ljómafagurt skín.
Ó helga nótt, ó heilaga nótt.

150 Ó hve sæl er mín sál

Hvort heldur ég vermist af hamingju sól
eða harmanna tæmi ég skál.
Hjá þér Ó, minn Guð finn ég gleði og skjól.

Ó, hve glöð, ó hve frjáls er mín sál.
Ó, hve sæl er mín sál,
ó, hve sæl er mín sál í dag.

Mig Satan vil draga frá sælunnar braut,
í syndanna freistandi tál.
En blóðið úr Lausnarans lífsæðum flaut
og hann leysti frá neyð mína sál.

Ó, hve sæl er mín sál,
ó, hve sæl er mín sál í dag.

Ég fagnandi horfi í himininn inn,
nú hata ég syndanna tál.
Ég elska þig líknsami Lausnarinn minn
og þig lofar og tignar mín sál.

Ó, hve sæl er mín sál,
ó, hve sæl er mín sál í dag.

Frá himni þú kemur ó, heilaga stund,
þá heyri ég englanna mál.
Þá lúðurinn hljómar ég flýg á þinn fund,
ó hve frjáls, Ó hve glöð er mín sál.

Ó, hve sæl er mín sál,
ó, hve sæl er mín sál í dag.

151 Ó, miklið Drottinn

Ó, miklið Drottinn ásamt mér,
því hann er verður alls lofs. (2x)
Hósanna, blessað sé Hans nafn,
ég vil lyfta nafni Drottins upp í lofgjörð. (2x)

152 Oh Lord, you're

Oh Lord, you're beautiful,
your face is all I seek.
For when your eyes are on this child,
your grace abounds to me. (2x)

Oh Lord, please light the fire,
that once burned bright and clear.
Replace the lamp of my first love,
that burns with Holy fear.

153 Opnaðu augu

Opnaðu augu míns hjarta,
opnaðu augu mín Guð.
Ég þrái að sjá þig,
ég þrái að sjá þig. (2x)

Sjá þig upphafinn í dýrð,
baðaður í hamingju þinni.

Gefðu mér kraft þinn og ást,
er ég syng heilagur er Drottinn.

Heilagur er Drottinn,
heilagur er Drottinn,
heilagur er Drottinn.
Ég þrái að sjá þig.

154 Ó, þá náð að eiga Jesú

Ó, þá náð að eiga Jesú,
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega,
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut.
Ef þú blindur vilt ei varpa,
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við böll að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut.
Óttast ekki, bænin ber oss,
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut.
Þá hvað helst er Herrann Jesús,
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut.
Flýtt þér þá að halla'og hneigja,
höfuð þreytt í Drottins skaut.

155 Réttu út hönd

Réttu' út hönd og snertu Jesú
er framhjá hann fer.
Hann er hér mitt á meðal,
og mæta vill þér.

Hann vill lækna hjartasárin,
og þerra hvert tár.
Réttu' út hönd og snertu Jesú,
hann stendur þér hjá.

156 Saman stöndum við

Samán stöndum við, sterkur her.
Hlið við hlið í krafti' og kærleik hans.
Markmið okkar er eitt að hefja' upp Jesú
nafn,
svo heimur fái séð Hann lifir í dag.

∴:Við lyftum Jesú nafni hátt,
við lyftum Jesú nafni hátt.
Svo heimur fái séð Hann lifir í dag∴:

157 Sál mín lofar þig

Sál mín lofar þig
þig sem elskar mig.
Hvernig fæ ég tjáð
þökk fyrir þína náð?
Nú hrópar hjarta mitt
og lofar nafnið þitt,
dýrðar Guð.

158 Segðu mér söguna

Segðu mér söguna af Jesú, sál mín er
hungruð og þyrst,
seg mér þá fegurstu sögu,
sem hér á jörð hefur birst.
Seg mér hvað englarnir sögðu,
sveinar þá vöktu yfir hjörð,
þegar að frelsarinn fæddist.
„Friður á himni og jörð.“

Kór:

Segðu mér aftur og aftur indælu söguna
þá,
sál mín af tilbeiðslu titrar, tárin mér
hníga af brá.

2. Seg mér þá aleinn í óbyggð,
eldraun hann þoldi og stríð.
Hversu hann sigraði Satans,
svörtustu freistinga hríð.
Seg frá hans ástverka önnum
og þeirri sorg er hann bar.
Hversu hann hæddur og hrjáður,
hrakinn og einmana var.

3. Seg mér frá kvöl hans á krossi,
kvíða og þjáning og neyð.
Seg mér hvað engillinn sagði,
sigrandi' er reis hann frá deyð.

Segðu mér aftur og aftur indælu söguna
þá,
sál mín af tilbeiðslu titrar, tárin mér
hníga af brá.

159 Shalom, Shalom

Chorus: Shalom, Shalom Jerusalem.
Peace be to you.

When Messiah comes to take us home,
may His praise be found in you.

1. Pray for peace Jerusalem, city of our
God,
there Salvation was poured out for you,
the atoning of the Lord.
Once your streets were filled with joy,
branches raised up high.
Shouting blessed be the Holy One,
Jeshua T'Adonai.

Chorus:

Shalom, Shalom Jerusalem. Peace be to
you.

When Messiah comes to take us home,
may His praise be found in you.

2. Israel beloved, Ephraim my son.
How my heart would thrill to
hear you say, our Messiah has come.
Oh my brothers, hear these words,
may they fill your soul.
Turn again to worship Adonai.
Mashiach you will know.

(Chorus: 2x)

160 Sha'alu Shalom

:/:Sha'alu Shalom Yerushalayim x3
Sha'alu Shalom Yerushalayim:/:

:/:Sha'alu Shalom, Sha'alu Shalom
Sha'alu Shalom
Sha'alu Shalom Yerushalayim :/:

161 Sigur í blóði þínu Jesús

Sigur í blóði þínu Jesús. (2x)
Sigur í blóði þínu Jesús er.

Ofar sérhverri tign, valdi' og mætti
æðra sérhverju nafni sem nefnt er,
Jesú.
Sérhvert kné skal beygja sig,
og hver tunga játa að Jesús er Drottinn.

Sigur í blóði þínu Jesús. (2x)
Sigur í blóði þínu Jesús er.

162 Skapa í mér hreint

Skapa í mér hreint hjarta ó, Guð,
og veit mér stöðugan anda á ný. (2x)
Varpa mér ei burt frá augliti þínu,
tak ei þinn heilaga anda frá mér.
Veit mér á ný fögnuð þinn og gleði
að ég megi með fúsleik þjóna þér.

163 Svo aumur sem ég er

Svo aumur sem ég er, til þín
ég óðar flý, því vegna mín,
þú bera máttir beiska þín,
Guðs blessað Lamb, ég kem, ég kem.

Ég get ei bætt mig, bið er hál,
en blóð þitt hreinsar mína sál.
Til þín að flýja' er meira' en mál,
Guðs milda Lamb, ég kem, ég kem.

Svo hrakinn tímans ósjó í,
frá efa, kvöl og synd ég sný.
Í náðar þinnar faðm ég flý,
Guðs fórnarlamb, ég kem, ég kem.

Svo aumur sem ég er, í trú,
ég öðlast hvíld og frelsi nú.
Mín gleði, líf og ljós ert þú,
Guðs lamb, til þín ég kem, ég kem.

Svo aumur sem ég er, þú vilt,
mitt eðli hreinsa syndum spillt.
Þitt orð mig lífgar líknarmilt,
Guðs Lamb, til þín ég kem, ég kem.

Þín guðdómselska eilífleg,
mér opnar gegnum þrautir veg.
Til þín af hjarta þrái ég,
til þín, Guðs Lamb, ég kem, ég kem.

164 Syngjum hallelúja

Syngjum hallelúja,
syngjum lofum Guð.
Syngjum söng sem gleður,
syngjum sameinuð.

Ó, hefjum hug til hæða
horfum yfir lendur yfir höf,
ó, látum berast út í blindan heim
boðskap um ljóssins gjöf.

Ó, látum heiminn heyra
horfum upp til himna, hefjum söng.
Konungur Kristur veitir lýðum líf
og lausn á dauðans þröng.

Syngjum hallelúja,
syngjum lofum Guð.
Syngjum söng sem gleður,
syngjum sameinuð.

165 Sælu dreymandi

Sælu dreymandi, sorgum gleymandi,
Hvíli ég í ástarörmum hans.
Friðinn teygandi, frelsið eigandi,
Hvíli ég í ástarörmum hans.

Kór:
Sæll ég hvíli, hvíli ég í faðmi Frelsarans,
Hvíli, hvíli, hvíli sæll í ástarörmum hans.

Blessuð angandi blómin fangandi,
Hvíli ég í ástarörmum hans.
Líf mitt yngjandi upp og syngjandi,
Hvíli ég í ástarörmum hans.

Aldrei syrgjandi, óttann byrgjandi,
Hvíli ég í ástarörmum hans.
Heimi fjær og fjær, Drottni nær og nær,
Hvíli ég í ástarörmum hans.

166 Takk, takk Jesús

Takk, takk Jesús.
Takk, takk Jesús.
Takk, takk Jesús.
Ég vill bara þakka.
Ég vill bara þakka.
Ég vill bara þakka þér.

167 Tengdu okkur saman

Tengdu okkur saman Guð.
Tengdu okkur saman,
með taug sem getur ei brostið.
Tengdu okkur saman Guð,
tengdu okkur saman.
Tengdu okkur kærleikans taug.

Guð á himnum er einn.
Konungur okkar er einn.
Líkami Guðs er einn.
Þess vegna syngjum við öll.

168 This is the air

This is the air I breathe. (2X)
Your holy presence, living in me.

This is my daily bread. (2X)
Your very word spoken to me,
and I, - - - I, - - - I,
I'm desperate for you,

and I, --- I, --- I,
I'm lost without you.

169 Trú aðeins trú

Trú aðeins trú,
trú aðeins trú.
Allt er þér mögulegt,
fyrir trú aðeins trú.

Jesús er hér, Jesús er hér.
Allt er að öðlast, Jesús er hér.

170 Upp á afskekkttri hæð

Upp á afskekkttri hæð
rís við eldgamall kross,
eins og ímynd
af háði og smán.

Ó, ég elska þann kross,
sem mitt einasta hnoss,
því að einmitt hér
fann ég mitt lán.

Kór:
Ó, ég elska hinn
eldgamla kross,
því hér almættis
kraft Guðs ég finn.
Ég vil heiðra
þann heilaga kross,
þar til himneska
sveiginn ég vinn.

Við hinn eldgamla kross ég mitt
afturhvarf leit

því Guðs elska
hér dró mig til sín.

Ó, þú Kristur minn Guð, hve þín kvölin
var heit,
þegar krossinn þú barst vegna mín.

Kór:
Ó, ég elska hinn
eldgamla kross,
því hér almættis
kraft Guðs ég finn.
Ég vil heiðra
þann heilaga kross,
þar til himneska
sveiginn ég vinn.

Við hinn eldgamla kross, við hinn
blóðstökkt
baðm sé ég birtast Guðs fórnandi ást.
Ó, þú eilífi Guð, með þinn útbreidda
faðm,
hér best eðli þíns kærleika sást.

Kór:
Ó, ég elska hinn
eldgamla kross,
því hér almættis
kraft Guðs ég finn.
Ég vil heiðra
þann heilaga kross,
þar til himneska
sveiginn ég vinn.

Þú, hinn eldgamli kross,
er minn heiður og hrós
og því heldur sem spott finn ég meir.
Þú ert von mín og bjarg mitt við ævinnar

ós,
þú ert allt hinum brákaða reyr.

Kór:
Ó, ég elska hinn
eldgamla kross,
því hér almættis
kraft Guðs ég finn.
Ég vil heiðra
þann heilaga kross,
þar til himneska
sveiginn ég vinn.

171 Uppskerunnar Herra

Uppskerunnar Herra heyrast kalla:
Hvíta á akra vantar fleiri menn.
Sálir æ í synd og glötun falla; Segðu
þeim að náðin bjóðist enn.
Kór: :, Tala Guð, :, Láttu eld þinn helga
hreinsa mig, :, Tala Guð, :, Glaður vil ég
vinna fyrir þig.

Sá er Drottins heilagt auglit eygir,
útskúfaðan dæmdan finnur sig.
Hreinsaður í Andans eldi segir: Æðsti
Drottinn! Hér er ég, send mig.
Kór: :, Tala Guð, :, Láttu eld þinn helga
hreinsa mig, :, Tala Guð, :, Glaður vil ég
vinna fyrir þig.

Uppskerunnar tími óðum líður, óðum
húmar bráðum kemur nótt. "Vakið,
starfið!" Býður Drottinn blíður. "Bú þig
undir reikningsskilin fljótt."
Kór: :, Tala Guð, :, Láttu eld þinn helga
hreinsa mig, :, Tala Guð, :, Glaður vil ég

vinna fyrir þig.

172 Upp til þín ó, Guð

:/: Upp til þín ó, Guð,
önd mín lyftir sér nú:/:

Kór:
Ó, minn Guð, ég treysti þér.
Veittu sál minni náð,
vaktu með miskunn þinni
yfir mér.

:/: Kenndu mér ó, Guð
hver er vilji þinn:/:

Kór:

:/: Heyrðu mína bæn,
sem ég bið til þín:/:

Kór:

:/: Blessað sé þitt nafn
þitt nafn ó, Guð:/:

Kór:

173 Velkominn á þennan

Velkominn á þennan stað.
Velkominn inn í mitt opna hjarta,
og ég veit að þú dvelur í lofgjörð þinna
barna,
og við lofum þig og við heiðrum þig,
og við syngjum þennan ástarsöng til þín.

174 Velkomin inn

:/: Velkomin inn og finn
að þú átt heima hér.:/:
Heima hér, heima hér
nú í dag.

175 Verið ávallt glaðir

(Filip. 4.4)

:/: Verið ávallt glaðir vegna
samfélagsins.
Verið ávallt glaðir vegna samfélagsins,
við Drottinn. Ég segi aftur verið glaðir.
:/:

Ljúflyndi yðar verði kunnugt öllum
mönnum.

Ljúflyndi yðar verði kunnugt öllum
mönnum.

Drottinn..... er í nánd.

Verið ekki hugsjúkir um neitt heldur
gjörið
í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði,
með bæn, með bæn og beiðni ásamt
þakkargjörð. (2x)

Og friður Guðs sem er æðri öllum
skilningi,
mun varðveita hjarta og hugsanir yðar,
í samfélaginu við Jesú Krist.

176 Ver þú mér alvaldur

Ver þú mér alvaldur eilífðar sýn.
Einskisvert tel ég allt vera án þín
daga og nætur minn heiður og hrós.

Vakinn og sofinn, þín vernd er mér ljós.
Ver þú mér viska að mæla þitt mál
í þér minn andi og þú mér í sál.
Faðir minn sértu og sonur þinn ég
sem einn við þræðum lífs vandfarinn
veg.

Um auðlegð hirði ei né ofmælin fríð.
Arfleifð mín ert þú um eilífa tíð.
Öndvegi skipir þú innra mér hjá
alvaldur himnanna allt sem ég á.
Máttugi Guð þá öll mál eru skírð
mætti ég fagna í himnanna dýrð.
Hjarta míns hjarta hvað gerast sem kann
ver þú mér hugsýn í háveldis rann.

177 Við brjótum niður

Við brjótum niður allt
sem Satan hefur byggt,
við ryðjum niður múrunum
sem hann hefur reist.
Við stríðsmenn erum
og berjumst fyrir vakningu.
Biðjum og munum fá,
og Ísland mun fá að sjá,
að vakningin hún kemur
til okkar lands.

Við erum endurleystur lýður,
útvalinn af Drottni.
Lauguð í blóði Lambsins,
hrein og lýtalaus.

Já við framgögnum í sigri,
brjótum niður vígi.
Við brunum fram á hæðum,
voldugur her.

178 Við elskum þig

Við elskum þig okkar Faðir,
við miklum þig Jesús Guð.

Við lútum þér Helgur Andi,
þið þrír eruð einn. (2x)

Sameinuð tignum við nafnið þitt ó, Guð.
Með kærleika þínum við elskum alla
menn.

Í einingu andans við stöndum saman,
og blessum allt þitt fólk. (2x)

179 Við lofum þig og tignum

Við lofum þig og tignum,
lútum þér og þökkum.

Söngur okkar ómar, hallelúja hljómar.
Hallelúja, hallelúja, hallelúja. Amen.

180 Við tilbiðjum þig Jesú

Við tilbiðjum þig Jesú
og þig heiðrum.

Við lyftum til þín höndum,
og upphefjum þitt nafn.

:/: Þú mikli Guð, gerir mikil undur,
Guð – enginn annar er sem þú,
enginn annar er sem þú. :/:

181 Viltu vera verkamaður

Viltu vera verkamaður
minn og vinna aðra menn?

Á akri mínum eru
ótal verk sem bíða enn.

Þannig Kristur sjálfur kallar
menn að koma og þjóna sér.

“Já, hver vill fara, hvar vill vinna,
hver vill vinna mér?”

Afsakanir æði margar
er mér tamt að tína til.

Þótt orsökinn sé afar ljós,
sú ein að ég ei vil.

Oft hann þarf að endurtaka
orð sín, “Ég vil nota þig.”

Uns hlýði ég og honum svara,
“Herra sendu mig.”

Gefðu, Guð, að glaður megí ég
ganga út á akurinn.

Að þér ég fái þjónað,
þegið náðarkraftinn þinn.

Hæfileika hef ég eigi,
hjálp mér veit og styddu mig.

Svo allt mitt líf, hvert orð og athöfn,
ætíð vitni um þig.

182 Vorar misgjörðir

Vorar misgjörðir tók hann á sig,
fyrir hans benjar erum við heil.

Við eigum líf í nægtum,
frelsi og frið

fyrir blóðið, sem rann á Golgata.

Takk fyrir blóðið,
sem greiddi sekt vora og synd.

Takk fyrir dýrmætt Jesú blóð.

Takk fyrir blóðið,
sem gefur lækning og líf.

Takk fyrir dýrmætt Jesú blóð.

183 Why me Lord

Why me Lord, what have I ever done
to deserve even one
of the pleasures I've known.
Tell me Lord, what did I ever do
that was worth love from you,
or the kindness you've shown.

Lord help me Jesus, I've wasted it so
help me Jesus I know what I am.
Now that I know that I've needed you so
help me Jesus, my soul's in your hand.

Tell me Lord, if you think there's a way
I can try to repay
all I've taken from you.
Maybe Lord, I can show someone else
what I've been through myself
on my way back to you.

Lord help me Jesus, I've wasted it so,
help me Jesus I know what I am.
Now that I know that I've needed you so
help me Jesus, my soul's in your hand.

184 Yfir há fjöll

Yfir há fjöll og djúpan sæ,
rennur þinn kærleikur til mín.
Og ég vil opna hjarta mitt,
og bjóða þér að leysa mig.
Sannleikanum nú fagna ég,
og leita þín og bið hvern dag.
Og ávallt syngja mun um,
ást þína sem fann mig.

Kór:

Ég gæti sungið um ást þína' um
eilífð.(4x)

Mig langar til að dansa,
þótt kjánalegt það sé.
En þegar heimur sér þitt ljós;
fólk mun dansa af gleði,
líkt við dönsu nú.

185 Það er ekkert eins

Það er ekkert eins dýrmætt og þú Guð,
ekkert eins dýrmætt og þú.
Enginn er mér eins kær og þú Guð,
ekkert eins dýrmætt og þú.

186 Það er þitt blóð

Það er þitt blóð sem hreinsar mig,
þitt blóð sem gefur mér líf.
Því þitt blóð var sú fórn,
sem endurleysti mig.
Það hreinsar mig, hvítara en snjór,
minn Jesús, Guðs hreina fórnarlamb.

187 Það mikilvæga

:/: Það mikilvæga í lífi mínu
er að þekkja þig.:/:
Já, ég vil þekkja þig, ó, Jesús þekkja þig.
Það mikilvæga í lífi mínu er að þekkja
þig.

:/: Það dásamlega í lífi mínu,
er að elska þig. :/:
Já, ég vil elska þig, ó, Jesús elska þig.
Það dásamlega í lífi mínu er að elska þig.

:/: Það allra besta í lífi mínu,
er að þjóna þér. :/
Já, ég vil þjóna þér, ó, Jesús þjóna þér.
Það allra besta í lífi mínu er að þjóna
þér.

188 Þakkið þeim

Þakkið, þeim sem hæstur er,
þakkið, honum heiður ber.
Já, þakkið því að hann gaf
Jesú Krist, sinn son.

:/: Og nú, lát hinn veika játa styrk,
lát hinn snauða ríkdóm sjá,
vegna þess, sem Drottinn Guð
hefur gjört. :/:

Þakkið. ...

189 Þegar andi Drottins

:/: Þegar andi Drottins er yfir mér,
vil ég syngja Guði söng.:/
:/: Ég vil syngja, ég vil syngja
eins og Davíð forðum söng.:/:

:/: Þegar andi Drottins er yfir mér,
vil ég klappa Guði lof.:/
:/: Ég vil klappa, ég vil klappa
eins og Davíð forðum klappaði.:/:

:/: Þegar andi Drottins er yfir mér,
vil ég dansa fyrir Guð.:/
:/: Ég vil dansa, ég vil dansa
eins og Davíð forðum dansaði.:/:

:/: Þegar andi Drottins er yfir mér,
vil ég lofa Drottinn Guð.:/
:/: Ég vil lofa Guð, ég vil lofa Guð,
eins og Davíð forðum lofaði' Guð.:/:

190 Þegar Drottins lúður

J.M. Black / Sigurbjörn Sveinsson

Þegar Drottins lúður hljómar
og þá dagur fer í hönd,
þegar dýrðarmorgunn ljómar eilífðar.
Þegar Guð með nafni kallar allt sitt fólk
á friðarströnd,
sem hans frelsi meðtók — einnig verð ég
þar.

Kór:

,:Þegar Drottinn nafn mitt nefnir, ,:
— einnig verð ég þar.

2. Upp þeir sælir aftur rísa,
sem í Drottni dóu á jörð,
þegar dýrðarmorgunn ljómar eilífðar.
Þegar Drottinn Guð með nafnakalli
safnar sinni hjörð,
inn í sólarlandið, — einnig verð ég þar.

3. Vitnum hér um Jesú kærleik
þar til næturdimman dvín,
þar til dýrðarmorgunn ljómar eilífðar.
Þegar börnin sín með nafni kallar
góður Guð til sín,
ó, hve gott er þá og sælt að vera þar.

191 Þegar endar mitt stríð

Þegar endar mitt stríð og sú upprennur tíð,

að ég eilífðarströndum skal ná.

Jesú auga mitt sér, og um eilífð ég er mínum ástkæra Frelsara hjá.

Þar í alfögru elskunnar landi,

Undir pálmanna himneska blæ.

Öll er jarðlífsins sorg, gleymd í sælunnar borg,

sól Guðs kærleika vermir þar æ.

Vini átti ég hér, farna á undan frá mér,

bústað eilífan Jesús þeim bjó.

Þar í heilagra þröng mun ég syngja minn söng, senn í himinsins eilífu ró.

Þar í alfögru elskunnar landi,

undir pálmanna himneska blæ.

Öll er jarðlífsins sorg, gleymd í sælunnar borg, sól Guðs kærleika vermir þar æ.

Haf þú enn litla bið, því að eilífan frið

munt þú öðlast hjá Guði í laun.

Skrúða fannhvítan fá meðal frelsaðra þá, ef þú fús þolir krossberans raun.

Þar í alfögru elskunnar landi,

undir pálmanna himneska blæ.

Öll er jarðlífsins sorg, gleymd í sælunnar borg, sól Guðs kærleika vermir þar æ.

192 Þegar söngur dvín

Þegar söngur dvín, og allt er orðið hljótt, vil ég koma til þín.

Löngun mín er sú, að hefja upp nafnið

þitt,

fá að snerta þitt hjarta.

Ég gef þér meira en minn söng, þar sem söngurinn einn,

er ekki það sem þú vilt.

Þú leitar dýpra en svo, inn í hjartað þú sérð,

þú krefst ég gefi þér allt.

Ég gef hjarta mitt í lofgjörð,

þar sem allt snýst um þig, því að allt er um þig – Jesús.

Og þvoðu burt alla mína misgjörð,

þegar allt snýst um þig.

Því að allt er um þig – Jesús.

Konungur þú ert, og æðri öllu hér, ekkert án þín ég er.

Taktu nú við mér, því svarið er í þér, viltu snerta mitt hjarta.

Allt er um þig.

Allt er um þig.

193 Þú breyttir grát mínum

Þá breyttir þú grát mínum í gleðidans, leystir af mér hærusekkinn.

Þá breyttir þú grát mínum í gleðidans, og gyrtir mig fögnuði.

Svo að sál mín megi glöð lofsyngja þér og eigi þagna.

Drottinn Guð minn,

ég vil þakka þér að eilífu.

194 Þú ert hinn hæsti

Þú ert hinn hæsti,
yfir allan heiminn.
Þitt nafn upphafið,
yfir öll önnur nöfn. (2x)

∴: Við upphefjum þig, ∴:
þig, ó, Guð.

195 Þú ert mitt athvarf

Þú ert mitt athvarf Guð.
Þú fyllir hjarta mitt af friði og fögnuði,
og þegar ég ótta finn,
∴: mun ég treysta þér.∴:
Lát hinn veika segja, ég fæ styrk
fyrir styrkleik þinn Guð.
Mun ég treysta þér.

196 Þú mikli Guð

Þú mikli Guð, sem manninn elskað
hefur,
og miðlað honum þinni frelsisnáð.
Þú mikli Guð, sem æðstu gjafir gefur,
já, gefur mönnum öll þín bestu ráð.

Kór:
Því hrópar sál mín sæl í alfögnuð,
þú mikli Guð, þú mikli Guð. 2x

Á lífsins braut hann leiðir mig og styður,
og ljær mér alla miskunn sem ég þarf.
Hann verndar mig og beina braut mér
ryður.
Mér býr að lokum himins dýrðar arf.

Kór:
Því hrópar sál mín sæl í alfögnuð,
þú mikli Guð, þú mikli Guð. 2x

Þú mikli Guð, ég má þín jafnan leita, þá
mæða og sorg að hjarta mínu fer.
Þú mínum huga megnar styrk að veita,
og mína vegu glöggt þú fyrir sér.

Kór:
Því hrópar sál mín sæl í alfögnuð,
þú mikli Guð, þú mikli Guð. 2x

Ó kom til Jesú frelsi hans að finna, og
færðu honum hjarta þitt að gjöf.
Engu að tapa, allt er þar að vinna. Að
öðlast frelsi þolir enga töf.

Kór:
Því hrópar sál mín sæl í alfögnuð,
þú mikli Guð, þú mikli Guð. 2x

197 Því svo elskaði

Því svo elskaði Guð heiminn,
að hann gaf son sinn eingetinn,
til að hver sem á hann trúir hafi líf.
Því ekki sendi hann soninn
til að dæma þennan heim,
heldur til að heimur frelsist fyrir hann.

Kór: ∴: Já, hann er besti vinur
sem þú eignast getur hér,
því hann gaf sitt líf á krossi fyrir
þig.∴:

2. Og sá sonur nefnist Jesús
og hann býr og er með oss,
hann miskunnar sig yfir alla menn.
Því hans kærleikur er mikill
og náðarverkin stór,
en til eru þeir menn sem hæða hann.

3. Ef Jesús fær að ráða
vegi þínum hér á jörð,
þá mun hann rétt þig leiða, mundu það.
Já, hann er besti vinur
sem þú eignast getur hér,
því hann gaf sitt líf á krossi fyrir þig.

198 Ævibraut vor

Ævibraut vor endar senn,
er vér hljótum sjá,
allir Drottins munu menn
mætast heima þá.
Ef ei dauðinn undan fer,
ástkær frelsarinn,
kemur beint og burt oss ber,
beint í himininn.

Kór:
Ó, er okkar vinir, allir mætast þar,
ganga' á geislafögrum,
grundum eilífðar.
Lofa Guð og Lambið,
lífið sem oss gaf,
sorgin dvín, sólin skín,
sjá Guðs náðarhaf.

2. Margir er vér unnum heitt,
undan fóru heim,
hafa stríð til lykta leitt,

ljúft vér fögnum þeim.
Þar er sérhvert þerrað af,
þeirra sorgartár,
arf á himnum Guð þeim gaf,
gleðjast allra brár.

3. Varðveit klæðin helg og hrein,
Herrans blóði í,
svo þér ekkert mæti mein,
myrkursins á ný.
Lúður Drottins hljómar hátt,
hver er viðbúinn?
Jesús kemur, kemur brátt,
kom þú Drottinn minn.

199 Öll sköpun þín

Öll sköpun þín,
lýsir þinni dýrð ó, Guð.
Hver er sem þú,
þín fegurð öllu æðri er.

Kór:
Að eilífu þú ert,
Lambið heilaga.
Með gleði beygi kné,
og tilbið aðeins þig.
Ég kunngjöri,
dýrð Jesú Krists hins upprisna.
Sem deyddur var,
til að sætta menn við Guð.

Að eilífu þú ert...